



Gjörðabók byggingarnefndar 1939-1942

Aðfnr. 4635 A

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

I.

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR


Gjörðabók

byggingarnefndar

1 9 3 5 - 1 9 4 2

.077.5:025.26 - .785.075.15

Aðfnr. 4635 A



G J O R Ð A B Ó K
B Y G G I N G A R N E F N D A R
R E Y K J A V Í K U R -

Frá 11. janúar 1939 til 10. des. 1942.

Alvinnaferðir: 14. 15. jan. 1939.

F. H. P.

W. H.

Jón Pálsson.

Afrituð í þremur eintökum árið 1952.

Bók þessi, sem er 400 - fjögur hundruð - tölusett-
ar blaðsíður, gegnumdregin og útbúin með innsigli stjórnarráðs-
ins, löggildist hér með til að vera:

G J Ö R D A B Ó K
B Y G G I N G A R N E F N D A R
R E Y K J A V Í K U R -

Atvinnumálaráðuneytið, 18. jan. 1939.

F. h. r.

e. u.

Jón Pálmason.

Ár 1939, miðvikudaginn 11 janúar, kl. 5 e.h., hélt bygging-
nefndin fund í skrifstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Óskar Jónsson, Bræðraborgarstíg 12C, sækir um leyfi til að breyta tröppum hússins nr. 12C við Bræðraborgarstíg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
2. Geir Pálsson, Garðastræti 17, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 6 við Mjóstræti. Beiðni þessari var á fundi nefndarinnar 8. des. s.l. vísað til bæjarverkfærings og skipulagsnefndar til umsagnar og leggja báðir þessir aðiljar eindregið til, að máli þessu verði synjað. Synjað.
3. Verksmiðjan "Rex" Reykjavík, sækir um leyfi til að byggja einlyft verksmiðjuhús úr steinsteypu, á leigulóð fyrir-
tækisins við fyrirhugaða framlengingu Skúlagötu. Stærð 455.6 ferm. Frestað.
4. Tómas Tómasson, Garðastræti 8, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 32 við Reynimel. Stærð 90.6 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 76.00.
5. Tómas Tómasson, Garðastræti 8, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 34 við Reynimel. Stærð 90.6 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 71.00.
6. Halldór Guðmundsson, Leifsgötu 6, sækir um leyfi til að hækka ris húss þess, er hann hefir í smíðum á leigulóðinni nr. 34 við Víðimel. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
7. Halldór Guðmundsson, Leifsgötu 6, sækir um leyfi til að hækka ris húss þess, er hann hefir í smíðum á leigulóðinni nr. 36 við Víðimel. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
8. Ólafur F. Ólafsson, Bárugötu 22, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 32 við Víðimel. Stærð 25.3 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 6.00.
9. Ólafur Ólafs, Vesturgötu 12, sækir um leyfi til að gera ýmsar útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 12 við Vesturgötu. Samþykkt með því skilyrði, að stigahús verði múrhuðainnan. Gjald kr. 15.00.
10. Páll Hallbjörnsson, Leifsgötu 32, og Einar Jónsson, Ásvallagötu 2, sækja um leyfi til að byggja einlyft verksmiðju-
hús á leigulóð Reykhússins við Þvergötu. Stærð 173.5 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 54.00.
11. Sólveig Ólafsdóttir, Njálsgötu 33B, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús á leigulóðunum nr. 17 og 19 við

Karlagötu. Stærð 117.6 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 94.00.

12. Árni Guðbrandsson, Ránargötu 7, og Stefán Bjarnason, Mánagötu 20, sækja um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 11 við Sólvallagötu. Stærð 151.59 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 124.00.

13. Sömu sækja um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 11 við Sólvallagötu. Stærð 21.08 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

14. Skýrt frá að bygging húsa nr. 21 og 23 við Skeggjagötu hafi verið stöðvuð til þessa fundar, (til þess að) vegna þess að loft hafi verið steyppt yfir kjallara, án þess að byggingarfulltrúi hafi skoðað járnalögnina.

Samþykkt að áminna mürsmiðinn um að fylgja framvegis ákvæðum byggingarsamþykktar um að tilkynna áður en steyppt er.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson. Pétur Ingimundarson. Hörður Bjarnason.
Guðm. Eiríksson. Sigurður Pétursson. Guðm. Oddsson.
Jón A. Pétursson.

Rét+ innfært eftir fundargjörðinni.
Tómas Jónsson.

Ár 1939, fimmtudaginn 26. janúar kl. 5 e.h., hélt byggingar-
nefndin fund í skrifstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. L. Andersen, Austurstræti 7, sækir f.h. d.b. Helga Andersen um leyfi til að byggja bráðabirgða bifreiðaafgreiðslu-
skúr úr timbri, á lóðinni nr. 16 við Aðalstræti. Stærð 9.46 ferm.
Samþykkt með því skilyrði, að skúrinn verði tekinn burtu, bæjar-
sjóði að kostnaðarlausu, þegar krafizt verður. Gjald kr. 5.00.

2. Fisksölufirmað Jón & Steingrímur, Reykjavík, sækja um
leyfi til að stækka húsið nr. 43 við Tryggvagötu um 63.92 ferm.
Samþykkt. Gjald kr. 20.00.

3. Ásgeir Þorsteinsson, Fjölnisvegi 12, sækir um leyfi
til að stækka viðbyggingu við hús sitt nr. 12 við Fjölnisveg um
0.76 ferm. Frestað.

4. Sveinbjörn Sæmundsson, Holtsgötu 10, sækir um leyfi
til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 10
við Holtsgötu. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

5. Kristján Siggeirsson, Oldugötu 4, sækir um leyfi til
að byggja þrílyft íbúðar- og verzlunarhús úr steinsteypu, á lóð-
inni nr. 28 við Hverfisgötu. Stærð 152.41 ferm. Frestað.

6. Guðmundur Breiðfjörð, Laufásvegi 4, sækir um leyfi
til að breyta gluggum á húsi sínu nr. 4 við Laufásveg. Samþykkt.
Gjald kr. 5.00.

7. Guðjón Sæmundsson, Tjarnargötu 10C, sækir um leyfi
til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi því, er
hann hefir í smíðum á lóðinni nr. 46 við Reynimel. Samþykkt.
Gjald kr. 10.00.

8. Guðjón Sæmundsson, Tjarnargötu 10C, sækir um leyfi
til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi því, er
hann hefir í smíðum á lóðinni nr. 48 við Reynimel. Samþykkt.
Gjald kr. 10.00.

9. Verksmiðjan Rex, Reykjavík, sækir um leyfi til að byggja
einlyft verksmiðjuhús, úr steinsteypu, á leigulóð sinni við fyr-
irhugaða framlengingu Skúlagötu. Stærð 455.6 ferm. Samþykkt.
Gjald kr. 170.00.

10. Stefán Einarsson, Víðimel 62, sækir um leyfi til að
gera ýmsar útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 62
við Víðimel. Ennfremur að gera girðingu úr steinsteypu um lóð-
ina nr. 62 við Víðimel. Samþykkt. Gjald kr. 15.00.

11. Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík, Vonarstræti 1, sæk-

ir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 1 við Vonarstræti. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

12. Júlíus S. Júlíusson, Þvervegi 16, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, á lóðinni nr. 10 við Þorragötu. Stærð 59.5 ferm. Frestað.

Fleira ekki afgreitt.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson. Guðm. R. Oddsson. Guðm. Eiríksson.
Jón Axel Pétursson. Pétur Ingimundarson. Hörður Bjarnason.
Sigurður Pétursson.

Rétt innfært eftir fundargjörðinni.
Tómas Jónsson.

Ár 1939, fimmtudaginn 9. febrúar, kl. 5 e.h., hélt bygging-
arnefndin fund í skrifstofu bæjarráðs, Austurstræti 16. ~~xx~~

Nefndina skipa nú, samkvæmt kosningu bæjarstjórnar, auk borg-
arstjóra og slökkviliðsstjóra: Guðmundur Ásbjornsson, bæjarfull-
trúi, Guðmundur Eiríksson, bæjarfulltrúi, Einar Sveinsson, múr-
arameistari og Hörður Bjarnason húsameistari.

Skrifarar voru kosnir: Guðmundur Eiríksson og til vara Hörður
Bjarnason..

Fundarefni:

1. Böðvar Högnason, Hrefnugötu 30, sækir um leyfi til að
byggja tvílyfta verkstæðisbyggingu úr steinsteypu, á lóðinni
nr. 30 við Hverfisgötu. Stærð 166.1 ferm. Samþykkt. Gjald
kr. 100.00.
2. Matthías Eyjólfsson, Hörnugötu 11, sækir um leyfi til
að byggja getmslu- og þvottahús úr steinsteypu, á lóðinni nr.
11 við Hörnugötu. Stærð 40.14 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.
3. Kjartan Thors, Laufásvegi 70, og Sigurður Guðmundsson,
Lækjartorgi 1, sækja um leyfi til að byggja einlyft bráðabirgða-
verzlunarhús úr timbri á lóðinni nr. 8B við Lækjargötu. Hús
það er stendur á lóðinni verður trifið. Stærð 192 ferm. Synjað.
4. Richard Thors, Sóleyjargötu 25, sækir um leyfi til
að breyta gluggum á húsinu og girðingu um lóðina nr. 25 við Sól-
eyjargötu. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.
5. Vilborg Karelsdóttir og Svava Jónsdóttir, Víðimel 35,
sækja um leyfi til að breyta innréttingu ói kjallara hússins nr.
35 við Víðimel. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
6. Ragnar Guðlaugsson, Laufásvegi 60, sækir um leyfi til
að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr.
59 við Víðimel. Stærð 122.28 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 98.00.
7. Jón Eiríksson, Urðarstíg 15, sækir um leyfi til að
byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 18
við Vífilsgötu. Stærð 58.8 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 45.00.
8. Jón Eiríksson, Urðarstíg 15, sækir um leyfi til að
byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 20
við Vífilsgötu. Stærð 58.8 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 45.00.
9. Einar Þorsteinsson, Þjórsárgötu 41, sækir um leyfi til
að stækka, úr timbri, húsið nr. 4 við Þjórsárgötu um 11.96 ferm.
Samþykkt. Gjald kr. 6.00.
10. Harðfisksalan, Reykjavík, sækir um leyfi til að breyta
jarðlínu huss þess, er fyrirtækið hefir í smíðum á Reykhúslóð-
inni við Þvergötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

Fleira ekki afgreitt.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson. Guðm. Eiríksson. Pétur Ingimundarson.
Einar Sveinsson. Sigurður Pétursson. Hörður Bjarnason.

Rét+ Innfært eftir fundargjörðinni.
Tómas Jónsson.

Ár 1939, fimmtudaginn 23. febrúar, kl. 5 e.h., hélt byggingarnefndin fund í skrifstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Einar Kristjánsson, Freyjugötu 37, sækir um leyfi til að byggja einlyfta vinnustofu úr steinsteypu, við hús sitt nr. 37 við Freyjugötu. Stærð 54.78 ferm. Samþykkt með því skilyrði, að ekki verði hafður þar aðvinnurekstur, sem hávaði eða önnur óþægindi stafa af. Gjald kr. 16.00.
2. Guðmundur Ólafsson, Vesturgötu 24, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 13A við Garðastræti. Stærð 90.5 ferm. Frestað.
3. Þóroddur Jónsson, Hafnarstræti 15, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 46 við Garðastræti. Stærð 155.4 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 115.00.
4. Timburver, lunn Árna Jónssonar, Hverfisgötu 56, sækir um leyfi til að sétja dyr í stað glugga á vesturgafli hússins nr. 56 við Hverfisgötu. Frestað.
5. Ágúst Brynjólfsson, Barónsstíg 55, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 18 við Hörpugötu. Stærð 60 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 31.00.
6. Óskar Guðsteinsson, Hörpugötu 39, sækir um leyfi til að stækka úr timbri, hús sitt á lóðinni nr. 39 við Hörpugötu um 2 ferm. Synjað.
7. Sigurður Guðmundsson, Skólavörðustíg 5, sækir um leyfi til að breyta glugga á bakhúsi á lóðinni nr. 7 við Laugaveg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
8. Margrét Arnadóttir, Lækjartorgi 2, sækir um leyfi til að breyta glugga á vesturhlíð hússins nr. 2 við Lækjartorg í dyr. Synjað.
9. Ingimar K. Þorsteinsson, Seljavegi 9, sækir um leyfi til að byggja einlyfta bráðabirgðaverkstæðisbyggingu úr steinsteypu, á lóðinni nr. 14 við Nýlendugötu. Stærð 68.67 ferm. Frestað.
10. Ársæll Kjartansson, Auðarstræti 11, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 20 við Skarphéðinsgötu. Stærð 76.54 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 57.00.
11. Ólafur Theódórs, Freyjugötu 36, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 54 við Reynimel. Stærð 31.5 ferm. Ennfremur sækir hann um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um sömu lóð. Frestað.

12. Ólafur Theódórs, Freyjugötu 36, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 56 við Reynimel. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

13. Fisksölufirmað Jón & Steingrímur, Reykjaví, sækja um leyfi til að gera ýmsar útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr 43 við Tryggvagötu. Samþykkt. Gjald kr. 15.00.

14. Karl Kristinsson, Sólvallagötu 19, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 67 við Viðimel. Stærð 91.42 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 71.00.

15. Veidarfæragerð Edinborgar h/f., Hafnarstræti 10, sækir um leyfi til að breyta gluggum á verksmíðjuhúsi sínu við fyrirhugaða götu í Rauðararholi. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

16. Júlíus Júlíusson, Þvervegi 16, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, á lóðinni nr. 10 við Þvergötu. Stærð 63.75 ferm. Samþykkt með því skilyrði, að húsið verði sett í réttri fjarlægð frá götu. Gjald kr. 32.00.

17. Lögð fram bréf frá Múrarameistarafélagi Reykjavíkur, viðvíkjandi tilkynningum til byggingarfulltrúans.

18. Eftirtöldum mönnum veittur viðurkenning til að standa fyrir húsmáli í Reykjavík.

T résmálar:

Nr. 235. Guðmundur Halldórsson, Ljósvallagötu 18.

" 236. Sigurður Guðmundsson, Bræðraborgarstíg 53.

Fleira ekki afgreitt.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson. Pétur Ingimundarson. Guðm. Eiríksson.
Hörður Bjarnason. Sigurður Pétursson. Einar Sveinsson.

Rét. innfert eftir fundargjörðinni.

Tómas Jónsson.

Ar 1939, fimmtudaginn 9. marz, kl. 5 e.h., hélt byggingar-
nefndin fund í fundarstofunni, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Torfi Guðbjörnsson, Grettisgötu 63, sækir um leyfi til að lækka jarðlínu við bakhlíð hússins nr. 7 við Auðarstræti. Ennfremur að gera íbúð í suðvesturhlíð kjallara hússins. Frestað.
2. Magnús Jónsson, Barónsstíg 11A, sækir um leyfi til að stækka bifreiðarskúr sinn á lóðinni nr. 11A við Barónsstíg um 4 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
3. Guðmundur Árnason, Barónsstíg 57, sækir um leyfi til að byggja bifreiðar- og geymsluskúr úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 57 við Barónsstíg. Stærð 28.8 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 9.00.
4. Guðmundur Ólafsson, Vesturgötu 24, sækir um leyfi til að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 13A við Garðastræti. Stærð 90.5 ferm. Frestað vegna þess að von er á nýjum tillögum um gatnaskipun á þessum stað.
5. Sigurður Berndsen, Grettisgötu 71, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 14 við Bræðraborgarstíg. Synjað.
6. Kristján Siggeirsson, Oldugötu 74, sækir um leyfi til að byggja þrílyft íbúðar- og verzlunarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 28 við Hverfisgötu. Stærð 151.19 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 175.00.
7. Timburverzlun Árna Jónssonar, Hverfis götu 56, sækir um leyfi til að setja dyr í stað glugga á vesturgafli hússins nr. 56 við Hverfisgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
8. Einar Þorgrímsson, Ljósavallagötu 8, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 6 og 8 við Karlagötu. Húsið verði tali nr. 6 við Karlagötu. Stærð 117.6 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 92.00.
9. Einar Erlendsson, Skólastræti 5, sækir f.h. d.b. Jens Lange, um leyfi til að byggja einlyfta viðbyggingu úr steinsteypu við húsið nr. 10 við Laugaveg. Stærð 76.8 ferm. Samþykkt með því skilyrði að allir skúrar á lóðinni verði rifnir. Gjald kr. 26.00.
10. Óskar Sveinbjörnsson, Laugavegi 147, sækir um að fá endurnýjað byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við húsið nr. 147 við Laugaveg, er samþykkt var á fundi nefndarinnar 12. nóvember 1936. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

11. Ingimar K. Þorsteinsson, Seljavegi 9, sækir um leyfi til að byggja einlyfta bráðabirgða verstaðisbyggingu úr steinsteypu, á lóðinni nr. 14 við Nýlendugötu. Stærð 68.67 ferm. Frestað.

12. Ólafur Theódórs, Freyjugötu 36, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 54 við Reynimel. Stærð 31.5 ferm. Ennfremur sækir hann um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um sömu lóð. Samþykkt. Gjald kr. 12.00.

13. Ellert Magnússon, Hringbraut 73, sækir um leyfi til að breyta innréttingu í kjallara hussins nr. 12 við Skeggjagötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

14. Sveinn Þorkelsson, Sólvallagötu 9, sækir um leyfi til að byggja einlyft verzlunarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 9 við Sólvallagötu 9. Stærð 56.88 ferm. Synjað.

15. Stefán Einarsson, Víðimel 62, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 62 við Víðimel. Stærð 24.62 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

16. Kristján Siggeirsson, Oldugötu 4, sækir um leyfi til að sameina lóðirnar nr. 6 við Smiðjustíg og nr. 28 við Hverfisgötu í eina lóð, sem talin verði nr. 28 við Hverfisgötu. Samþykkt að tilskildu samþykki bæjarráðs.

17. Út af bréfi Múrarameistarafélagi Reykjavíkur, er lagt var fyrir seinasta fund nefndarinnar samþykkir hún að gefa borgarstjóra að gefa hr. múrarameistara Guðjóni Siguðssyni áminningu vegna þess mikla kæruleysis, er hann hefir sýnt í sambandi við tilkynningar til byggingarfulltrúa og tilkynna honum, að ef slíkt kemur fyrir aftur verði hann sviptur réttindum til að standa fyrir húsamíði í Reykjavík. Öðrum atriðum bréfsins einnig falið að svara.

18. Lagt fram bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, þar sem óskað er umsagnar um erindi Stefáns Thorarensen lyfsala dags. 10. þ.m. Borgarstjóra falið að svara bréfinu.

19. Lagt fram bréf frá Trésmiðafélagi Reykjavíkur, þar sem kvartað er yfir samþykkt Múrarameistarafélags Reykjavíkur. Borgarritara falið að skrifa Múrarameistarafélaginu um málið.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson. Guðm. Eiríksson. Hörður Bjarnason.
Pétur Ingimundarson. Sigurður Pétursson. Einar Sveinsson.

Rétt innfært eftir fundargjörðinni.
Tómas Jónsson.

Ár 1939, fimmtudaginn 30. marz, kl. 5 e.h., hélt byggingar-
nefndin fund í fundarstofu bæjarráðs.

Fundarefni:

1. Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, Reykjavík, sækir um leyfi til að breyta geymsluhúsi á lóðinni nr. 2 við Bankastræti (að Skólastræti 1) í verzlun. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

2. Einar Þorsteinsson, Skarphéðinsgötu 18, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð sinni við Baugsveg. Stærð 73.72 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 58.00. Aður veitt leyfi fellt úr gildi.

3. S/f. Stálsmiðjan, Reykjavík, sækir um leyfi til að byggja opið plötuskýli úr bárujárni, á lóð sinni Austur-Bakka við Brunnstíg. Stærð 268.72 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 50.00.

4. Svanhildur Jóhannesdóttir, Egilsgötu 28, sækir um leyfi til að byggja skýli yfir tröppur við hús sitt nr. 28 við Egilsgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

5. Jón Sigurðsson, Fjólugötu 21, sækir um leyfi til að hækka hús sitt nr. 21 við Fjólugötu um eina hæð úr steinsteypu. Samþykkt. Gjald kr. 29.00.

6. Ármann R. Eyjólfsson, Fjölnisvegi 4, sækir um leyfi til að byggja kolageymslu úr steinsteypu, við húsið nr. 4 við Fjölnisveg. Stærð 9.65 ferm. Ennfremur að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu á sömu lóð. Stærð 19.5 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

7. Guðni Bjarnason, Njálsgötu 92, sækir um leyfi til að byggja sumarhúsið úr timbri á erfðafestulandinu Fossvogsb. LI. Stærð 25.33 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 7.00.

8. Flosi Sigurðsson, sækir f.h. húsfélags bindindismanna um leyfi til að setja dyr á kjallara hússins nr. 11 við Fríkirkjuveg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

9. Guðm. Ólafsson, Vesturgötu 24, sækir um leyfi til að byggja trílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð sinni nr. 13A við Garðastræti. Stærð 90.5 ferm. Synjað. Nefndin leggur til að bæjarsjóður kaupi lóðina, ef um verð semst og að núverandi eiganda verði jafnframt tryggður forkaupsréttur að lóðinni, ef hún verður ætluð undir byggingu, þegar skipulagsuppdráttur af hverfinu verður samþykktur.

10. Hörður Bjarnason, Laufásvegi 46; og Árni Snævar, Bergstaðastræti 73, sækja um leyfi til að byggja tvílyft íbúðar hús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 13 við Hólavallagötu. Stærð 172.2 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 143.00.

11. Sömu sækja um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr

steinsteypu, á lóðinni nr. 13 við Hólavallagötu. Stærð 21.1 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

12. Sigvaldi Guðmundsson, Eskihlíð D, sækir um leyfi til að gera útlitsbreytingar á húsinu nr. 69 við Hringbraut. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

13. Hjalti Lýðsson, Grettisgötu 64, sækir um leyfi til að gera ýmsar útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi því, er hannhefir í smíðum á lóðinni nr. 68 við Hringbraut. Samþykkt. Gjald kr. 19.00.

14. Jóhann Ólafsson & Co., Hverfisgötu 18, sækir um leyfi til að setja gluggja á vesturgafi hússins nr. 18 við Hverfisgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

15. Gísli Gíslason, Hverfisgötu 114, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 114 við Hverfisgötu. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

16. Ásgeir Valur Einarsson, Njálsgötu 69, sækir um leyfi til að byggja sumarbústað úr timbri, á erfðafestulandinu Krossamýrarbl. X. Stærð 24.96 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 7.00.

17. Þorsteinn Eiríksson og Bjarni Jóhannsson, Óðinsgötu 28, sækja um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, á erfðafestulandinu Laugarásbletti XIX. Stærð 103.07 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 31.00.

18. Andrés Andrésón, Laugavegi 3, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 3 við Laugaveg. Samþykkt. Gjald kr. 15.00.

19. Pétur Þórðarson, Laugavegi 159A, sækir um leyfi til að stækka kvist á bakhlíð hússins nr. 159A við Laugaveg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

20. Sami sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 159A við Laugaveg. Stærð 34.87 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 8.00.

21. Sigurður Waage, Lindargötu 1, sækir um leyfi til að gera útlitsbreytingar á verksmiðjuhúsi Sanitas, nr. 1 við Lindargötu. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

22. Engilbert Magnússon, Lindargötu 1A, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 1A við Lindargötu. Ennfremur að stækka inngönguskúr við sama hús, um 3.6 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 15.00.

23. Magnús Guðnason og Ársæll Magnússon, Grettisgötu 29, sækja um leyfi til að byggja einlyft verksmiðjuhús úr steinsteypu, á leigulóð þeirra við fyrirhugaða götu í Rauðararholti. Stærð

204.0 ferm. Samþykkt, enda verði húsið sett niður eftir tilvísan bæjarverkfræðings. Gjald kr. 85.00.

24. Sveinn Þorkelsson, Sólvallagötu 9, sækir um leyfi til að gera viðbyggingu úr steinsteypu, við húsið nr. 9 við Sólvalla- götu. Stærð 40.54 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 14.00.

25. Guðjón Ólafsson, Øldugötu 19, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 37 við Suðurgötu. Stærð 136.87 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 106.00.

26. Steindórsprent h/f., Aðalstræti 4, sækir um leyfi til að byggja þrílyft verksmiðjuhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 4 við Tjarnargötu. Stærð 266.87 ferm. Frestað.

27. Tryggvi Guðmundsson, Kleppi, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðar- og geymsluhús, úr steinsteypu, á erfða- festulandinu Vatnagarðabletti II. Stærð 89.91 ferm. Samþykkt, enda verði húsið sett niður eftir tilvísan bæjarverkfræðings. Gjald kr. 44.00.

28. Dagbjartur Sigurðsson, Ránargötu 4, sækir um leyfi til að gera ýmsar útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 12 við Vesturgötu. Frestað.

29. Kristján Guðmundsson, Vesturgötu 35, sækir um leyfi til að breyta gluggum og dyrum á götuhlið hússins nr. 35 við Vest- urgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

30. Markús Einarsson, Bankastræti 10, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 6 og 8 við Vífilsgötu. Stærð 117.6 ferm. Húsið verði talið nr. 6 við Vífilsgötu. Samþykkt. Gjald kr. 92.00.

31. Guðm. Þorkelsson, Þórsgötu 19 sækir um leyfi til að hækka húsið nr. 7 við Þórsgötu um eina hæð úr steinsteypu. Sam- þykkt. Gjald kr. 15.00.

32. Aðalsteinn Guðmundsson, Þvervegi 2, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðar- og verzlunarhús úr steinsteypu, á lóð- inni nr. 2 við Þverveg. Stærð 82.21 ferm. Jafnframt er felld- ur úr gildi uppdráttur af húsi á sömu lóð, samþykktur á fundi nefndarinnar 28. júlí 1938. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

33. Byggingarfélag Albýðu, Reykjavík, sækir um leyfi til að breyta inngangi í húsið nr. 47 við Bræðraborgarstíg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

34. Þorkell Ingibergsson, Egilsgötu 14, sækir um leyfi til að gera inngang í kjallara hússins nr. 10 við Skeggjagötu. Sam- þykkt. Gjald kr. 5.00.

35. Knattspyrnufélag Reykjavíkur sækir um leyfi til að gera útlits og fyrirkomulagsbreytingar á húsi sínu nr. 11 við Vonar- stræti. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

36. Á fundi byggingarnefndar 23. júní 1938, var samþykkt að veita hr. Magnúsi Þorgeirssyni, Laugavegi 4, leyfi til að byggja hluta af húsinu nr. 4 við Laugaveg (álmuna að Skólavörðustíg) og var þar bókuð stærð 205.6 ferm, sem er stærð framtíðarhússins í stað 77.0 ferm, sem er stærð þess hluta sem byggður hefir verið.

37. Bæjarráð vísar til umsagnar nefndarinnar fyrirspurn Sig. Sigurðssonar berklayfirlæknis um byggingar á lóðunum við Túngötu, milli Garðastrætis og Hólavallagötu. Nefndin vísar erindinu áfram til skipulagsnefndar.

38. Lagt fram bréf skipulagsnefndar, dags. 13. f.m. viðv. byggingu á hornlóðinni nr. 46 við Skólavörðustíg.

39. Lagt fram bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins dags. 18. f.m. til borgarstjóra, þar sem óskað er umsagnar um beiðni frú Margrétar Árnadóttur um að mega breyta húsinu nr. 2 við Lækjartorg, er nefndin synjaði um leyfi til breytingar, á fundi 23. f.m. Borgarstjóra falið að svara bréfi ráðuneytisins.

Fleira gerðist ekki.

Fundi sliðið.

Tómas Jónsson. Guðm. Eiríksson. Hörður Bjarnason.
Pétur Ingimundarson. Einar Sveinsson. Sigurður Pétursson.

Rétt innfært eftir fundargjörðinni.

Tómas Jónsson.

Ár 1929, fimmtudaginn 13. apríl, kl. 10 f.h., hél+ bygging-
arnefndin fund í skrifstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Ragnheiður Eyjólfsdóttir, Túngötu 36, sækir um leyfi til að gera útlitsbreytingar á húsinu nr. 6 við Austurstræti. Frestað.
2. Sigurður Berndsen, Grettisgötu 71, sækir um leyfi til að gera ýmsar útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 14 14 við Bræðraborgarstíg. Samþykkt. Gjald kr. 15.00.
3. Pétur Ketilsson, Baugsvegi 7, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 16 við Flókagötu. Stærð 95.13 ferm. Synjað, sbr. 19. lið.
4. Pétur Ketilsson, Baugsvegi 7, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 16A við Flókagötu. Stærð 95.13 ferm. Synjað, sbr. 19. lið.
5. Magnús Oddsson, Gunnarsbraut 38, sækir um leyfi til að breyta innréttingu í kjallara hússins nr. 36 við Gunnarsbraut. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
6. Ólafur Ingimundarson, Hávallagötu 55, sækir um leyfi til að setja kvist á húsið nr. 55 við Hávallagötu. Frestað.
7. Jón G. Nikulásson, Bárugötu 17, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 5 við Hrefnugötu. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.
8. Ragnar Lövdal, Vífilsgötu 10, sækir um leyfi til að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 87 við Njálsgötu. Stærð 193.15 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 200.00.
9. Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, Skólavörðustíg 12, sækir um leyfi til að gera fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 52 við Hverfisgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
10. Ólafur Sigurgeirsson, Hörpugötu 8, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 8 við Hörpugötu. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.
11. Egill Vilhjálmsson, Laugavegi 118, sækir um leyfi til að byggja einlyfta verkstæðisbyggingu úr steinsteypu, á lóðinni nr. 118 við Laugaveg. Stærð 105 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 45.00.
12. Þóroddur E. Jónsson, Hafnarstræti 15, sækir um leyfi til að gera fyrirkomulagsbreytingar á húsi því, er hann hefir í smíðum á lóðinni nr. 46 við Greiðisgötu. Samþ. Gjald kr. 5.00.

13. Atli Eiríksson, Lokastíg 23, sækir um leyfi til að byggja vílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðunum nr. 6 og 8 við Skarphéðingsgötu. Stærð 117.6 ferm. Húsið verður talið nr. 6 við Skarphéðingsgötu. Frestað.

14. Sami sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 6 við Skarphéðingsgötu. Stærð 29.58 ferm. Synjað.

15. Jón Ásbjörnsson, Ásvallagötu 14, sækir f.h. Guðmundu Davíðsdóttur, um leyfi til að byggja býlskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 12 við Ránargötu. Stærð 23.10 ferm. Samþykkt, enda verði skúrinn tekinn burtu, bæjrsjóði að kostnaðarlausu, þegar krafizt verður. Gjald kr. 6.00.

16. Jón Bjarnason, Hringbraut 63, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 63 við Hringbraut. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

17. Jódís Erlingsdóttir, Skeggjagötu 17, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 17 við Skeggjagötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

18. Viktoría Hannesdóttir o.fl. Skeggjagötu 19, sækja um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 19 við Skeggjagötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

19. Pétur Ketilsson, Baugsvegi 7, sækir um leyfi til að skipta lóðinni nr. 16 við Flókagötu í tvær lóðir, sem hvor um sig verði 12.0 m. með götu og 330 ferm. að stærð. Vestri lóðin verði talin nr. 16 við Flókagötu, en eystri lóðin nr. 16A við Flókagötu. Synjað.

Fleira ekki afgreitt.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson. Pétur Ingimundarson. Hörður Bjarnason.
Einar Sveinsson. Guðm. Eiríksson. Sigurður Pétursson.

Rétt innfært eftir fundargjörðinni.

Tómas Jónsson.

Ár 1939, fimmtudaginn 27. apríl, kl. 5 e.h., hélt byggin -
arnefndin fund í skrifstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Ragnheiður Eyjólfsdóttir Túngötu 36, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 6 við Austurstræti. Samþykkt. Gjald kr. 15.00.
2. Bjarni Guðjónsson, Egilsgötu 24, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 24 við Egilsgötu. Stærð 23.8 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
3. Gunnlaugur Bárðarson, Skeggjagötu 15, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 15 við Flókagötu. Stærð 11.4 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 88.00.
4. Ullarverksmiðjan Framtíðin, Frakkastíg 8, sækir um leyfi til að hækka hluta af verksmiðjuhúsi sínu nr. 8 við Frakkastíg, um eina hæð. Samþykkt. Gjald kr. 79.00.
5. Magnús Víglundsson, Hávallagötu 45, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð sónni nr. 37 við Garðastræti. Stærð 98.83 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 84.00.
6. Þorkell Ingibergsson, Egilögötu 14, sækir um leyfi til að breyta girðingu um lóðina nr. 32 við Gunnarsbraut. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
7. Mjólkurfélag Reykjavíkur Hafnarstræti 5, sækir um leyfi til að hækka hús sitt nr. 5 við Hafnarstræti um eina og hálfu hæð. Samþykkt. Gjald kr. 375.00.
8. Kristinn Kristjánsson, Hávallagötu 53, sækir um leyfi til að setja glugga á framhlíð hússins nr. 53 við Hávallagötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
9. Ólafur Ingimundarson, Hávallagötu 55, sækir um leyfi til að setja kvist á hús sitt nr. 55 við Hávallagötu. Málið var ekki tekið fyrir.
10. Ragnar Lövdahl Vífilsgötu 10, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 7 við Hrefnugötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
11. Halilgrímur Hallgrímsson, Hrefnugötu 9, sækir um leyfi til að gera girðingu um lóðina nr. 9 við Hrefnugötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
12. Ofnasmiðjan h/f. Háteigsvegi, sækir um leyfi til að byggja bráðabirgða geymsluskúr úr jární á lóð fyrirtækisins

við Háteigsveg. Stærð 72 ferm. Frestað.

13. Óskar Valdimarsson, Nýlendugötu 6, sækir um leyfi til að gera útlitsbreytingar á húsinu nr. 183 við Hringbraut. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

14. Sami sækir um leyfi til að stækka bílskúr sinn á lóðinni nr. 183 við Hringbraut. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

15. Stefán Einarsson, Viðimel 62, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 1 við Kaplaskjólsvæg. Stærð 77.1 ferm. Frestað.

16. Stefán Einarsson Viðimel 62, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 3 við Kaplaskjólsvæg. Stærð 77.1 ferm. Frestað.

17. Júlíus Jónsson, Bergþórugötu 52, sækir um leyfi til að hækka hluta af húsinu nr. 74 við Hverfisgötu um tvær hæðir. Frestað.

18. Ragnar Lövdahl, Vífilsgötu 10, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 18 við Karlagötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

19. Ragnar Lövdahl, Vífilsgötu 10, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 20 við Karlagötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

20. Árni Þ. Arnason, Ingólfsstræti 20, sækir um leyfi til að stækka sumarhúsið sinn á erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti XX. Stærð 15.96 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

21. Elín K. Guðmundsdóttir, Lindargötu 30, sækir um leyfi til að hækka ris hússins nr. 30 við Lindargötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

22. Sigríður Halldórsdóttir, Lokastíg 22, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 22 við Lokastíg. Samþykkt. Gjald kr. 15.00.

23. Einar Sveinsson, Viðimel 58, sækir um leyfi til að gera útlitsbreytingar á húsinu nr. 45 við Reynimel. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

24. Einar Sveinsson, Viðimel 58, sækir um leyfi til að gera útlitsbreytingar á húsinu nr. 47 við Reynimel. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

25. Þorsteinn Einarsson, Holtsgötu 37, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 49 við Reynimel. Stærð 94.79 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 75.00.

26. Þorsteinn Einarsson, Holtsgötu 37, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 51 við Reynimel. Stærð 94.78 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 75.00.

27. Atli Eiríksson, Lokastíg 23, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðunum nr. 6 og 8 við Skarphéðinsgötu. Stærð 117.6 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 92.00. Húsið verði talið nr. 6 við Skarphéðinsgötu.

28. Jónatan Hallvarðsson, Skeggjagötu 4, og Sigurðar Sigurðsson, Eiríksgötu 27, sækja um leyfi til að breyta innréttingu í kjallara hússins nr. 2 við Skeggjagötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

29. Stefania Einarsdóttir, Skeggjagötu 8, sækir um leyfi til að stækka bifreiðarskúr á lóðinni nr. 8 við Skeggjagötu, um 3.50 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

30. Gunnlaugur Bárðarson, Skeggjagötu 15, sækir um leyfi til að gera útlitsbreytingar á húsinu nr. 16 við Skeggjagötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

31. Gunnar Guðjónsson, Hringbraut 114, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 7 við Smáragötu. Stærð 94.26 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 73.00.

32. Sami sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu á lóð sinni nr. 7 við Smáragötu. Stærð 32.56 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 7.00.

33. Magnús Þorgeirsson, Laugavegi 4, sækir um leyfi til að stækka sumarbústað sinn á erfðafestulandinu Sögamýrarbletti XXXIII, um 15.96 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

34. Steindórsprenting/h/f., Aðalstræti 4, sækir um leyfi til að byggja trílyft verksmiðjuhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 4 við Tjarnargötu. Stærð 266.87 ferm. Frestað.

35. Magnús Jónsson, Njarðargötu 7, sækir f.h. Ólafs Magnússonar, um leyfi til að breyta gluggum á húsinu nr. 2 við Túngötu. Frestað.

36. Þ. Thoroddsen, Túngötu 12, sækir um leyfi til að gera útlits og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 12 við Túngötu. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

37. Tryggvi Guðmundsson, Kleppi, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðar- og gripahús úr steinsteypu, á erfðafestulandinu Vatnagarðabletti II. Stærð 89.91 ferm. Jafnframt er fellður úr gildi uppdráttur af húsi á sama landi, er samþykkt var á fundi nefndarinnar 30. marz 1939. Samþykkt. Gjald kr. 44.00.

38. Vilborg Karelisdóttir, Víðimel 35, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 35 við Víðimel. Stærð 22.4 ferm. Ennfremur sækir hún um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um sömu lóð. Frestað.

39. Guðfinnur Þorbjörnsson, og Axel Andersen, Víðimel 38, sækja um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 38 við Víðimel. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

40. Jón G. Jónsson, Víðimel 40, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 40 við Víðimel. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

41. Harðfisksalan Reykjavík, sækir um leyfi til að hækka verkemiðjuhús það, er fyrirtækið hefir í smíðum á lóð sinni við Þvergötu. Samþykkt. Gjald kr. 52.00.

42. Eftirtöldum mönnum veitir viðurkenning til að standa fyrir húsa-smíði í Reykjavík.

A. sem trésmíðir:

Nr. 237. Hjálmar H. Guðmundsson, Mjólnisvegi 46.

" 238. Ingimar Magnússon, Leifsgötu 21.

B. sem múrsmíðir:

Nr. 86. Þórður Halldórsson, Sellandsstíg 11.

" 87. Sveinbjörn Gíslason, Sólvýllagötu 21.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson. Pétur Ingimundarson. Guðm. Eiríksson.
Einar Sveinsson. Hörður Bjarnason. Sigurður Pétursson.

Rétur innfært eftir fundargjörðinni.

Tómas Jónsson.

Ár 1939, fimmtudaginn 11. maí, kl. 5 e.h., hélt byggingar-
nefndin fund í skrifstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Héðinn Valdimarsson, Sjafnargötu 14, sækir um leyfi til að hækka húsið nr. 39 við Barónsstíg, um hálfa hæð úr steinsteypu. Samþykkt. Gjald kr. 21.00.
2. Hannes Gamalielsson, Barónsstíg 41, sækir um leyfi til að byggja geymsluskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 41 við Barónsstíg. Stærð 7.0 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
3. Viðar Thorsteinsson, Barónsstíg 53, sækir um leyfi til að byggja trilyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 63 við Bergþórugötu. Stærð 148.3 ferm. Frestað.
4. Hjálmar Guðmundsson, Grettisgötu 58, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 30 við Gunnarsbraut. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
5. Þorbjörn G. Bjarnason, Vífilsgötu 24, sækir um leyfi til að byggja trilyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 40 við Hringbraut. Stærð 110 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 120.00.
6. Ragnar Lövdahl, Vífilsgötu 10, sækir um leyfi til að byggja trilyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 42 við Hringbraut. Stærð 110 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 126.00.
7. Húsameistari ríkisins sækir f.h. Byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur, um leyfi til að byggja tvilyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 187 við Hringbraut. Stærð 84.56 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 64.00.
8. Húsameistari ríkisins sækir f.h. Byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur, um leyfi til að byggja tvilyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 189. við Hringbraut. Stærð 92.4 ferm. Frestað.
9. Júlíus Jónsson, Bergþórugötu 53, sækir um leyfi til að hækka hluta af húsinu nr. 74 við Hverfisgötu, um tvær hæðir. Samþykkt. Gjald kr. 27.00.
10. Haraldur Runolfsson, Bræðraborgarstíg 20 (24), sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, á lóð sinni nr. 16A við Hörpugötu. Stærð 64 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 38.00.
11. Stefán Einarsson, Víðimel 62, sækir um leyfi til að byggja tvilyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 1 við Kaplaskjólsvæg. Stærð 78.83 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 60.00.
12. Stefán Einarsson, Víðimel 62, sækir um leyfi til að

byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 3 við Kaplaskjólsvog. Stærð 78.83 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 60.00.

13. Steindór Gunnarsson, Suðurgötu 8B, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 4 við Kirkjustræti. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

14. Gustav E. Pálsson, verkfr., sækir f.h. Vikurfélagsins h.f., um leyfi til að byggja einlyft verksmiðjuhús úr timbri og vikri á leigulóð fyrirtækisins við Lágholtsvog. Stærð 210 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 65.00.

15. Þorsteinn Kristjánsson, Laugarnesvegi 42, sækir um leyfi til að byggja gróðurhús á leigulóð sinni nr. 42 við Laugarnesveg. Stærð 210.66 ferm. (210.0 ferm). Samþykkt. Gjald kr. 65.00.

16. Steinn Júl. Arnason, Karlagötu 24, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 10 við Mánagötu. Stærð 60.1 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 47.00.

17. Steinn Júl. Arnason, Karlagötu 24, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 12 við Mánagötu. Stærð 60.1 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 47.00.

18. Pétur Ingjaldsson, Marargötu 4, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 4 við Marargötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

19. Agústa Eiríksdóttir, Óðinsgötu 8B, og Herdís Guðmundsdóttir Hverfisgötu 58, sækja um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 6 við Bjarnarstíg. Stærð 84 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 66.00.

20. Sjóklæðagerð Íslands h/f., Reykjavíkurvegi, sækir um leyfi til að byggja bráðabirgðaviðbyggingu úr timbri, við verksmiðjuhús sitt við Reykjavíkurveg. Stærð 108.5 ferm. Samþykkt, með því skilyrði, að húsið verði tekið burtu, þegar sjóði að kostnaðarlausu, þegar krafist verður. Gjald kr. 65.00.

21. Ólafur H. Ólafsson, Hólavallagötu 7 og Magnús Andrés-son, Hávallagötu 13, sækja um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 35 við Reynimel. Stærð 142.37 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 117.00.

22. Bernhard Petersen, Austurstræti 12, sækir um leyfi til að stækka lýsisvinnslustöð sína við Sellandsstíg og Hringbraut um 166.36 ferm. Synjað.

23. Ingibjörg Gunnarsdóttir, Skólavörðustíg 27, sækir um leyfi til að stækka húsið nr. 27 við Skólavörðustíg, um 2.20 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

24. Sigurður Sigurðsson, Laugavegi 49, sækir um leyfi til

3
r.60.00
l til
við
ssins
ri og
ferm.
um leyfi
nes-
65.00.
i til
nr.
7.00.
i til
nr.
7.00.
il að
u.
munds-
t íbúð-
ærð
r um
verk-
þykkt,
að kosti
Andrés-
íbúð-
. Stærð
yfi
ring-
ir um
.20
fi til

að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 46 við Skólavörðustíg. Stærð 75.70 ferm. Frestað.

25. Einar Pétursson, Miðstræti 12, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð sinni nr. 1 við Smáragötu. Stærð 110.48 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 85.00.

26. Sami sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á lóð sinni nr. 1 við Smáragötu. Stærð 24.5 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 6.00.

27. Gunnar Guðjónsson, Hringbraut 114, sækir um leyfi til að gera fyrirkomulagsbreytingar á húsi því, er hann hefir í smíðum á lóð sinni nr. 7 við Smáragötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

28. Ólafur Gíslason, Sólvallagötu 6, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð sinni nr. 8 við Sólvallagötu. Stærð 103.18 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 82.00.

29. Sami sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á lóð sinni nr. 8 við Sólvallagötu. Stærð 23.8 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 6.00.

30. Sigurður Waage, Suðurgötu 14, sækir um leyfi til að gera girðingu um lóðina nr. 14 við Suðurgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

31. Steindórsprent h/f., Aðalstræti 2, sækir um leyfi til að byggja fjórlyft verksmíðjuhús úr steinsteypu, á lóð sinni nr. 4 við Tjarnargötu. Stærð 267.64 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 378.00.

32. Magnús Jónsson, Njarðargötu 7, sækir um leyfi til að breyta gluggum hússins nr. 2 við Túngötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

33. Þórður Ólafsson, Vesturgötu 20, sækir um leyfi til að loka gegnumgangi hússins nr. 20 við Vesturgötu (frá Norðurstíg) þar er hann hefir fengið umferðarrétt inn á lóðina um tveggja m. breiðan gang yfir lóðina nr. 22 við Vesturgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

34. Ólafur R. Ólafsson, Vesturgötu 16, sækir um leyfi til að hækka húsið nr. 16 við Vesturgötu, um eina hæð úr steinsteypu. Frestað.

25. Halldór Guðmundsson, Leifsgötu 6, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 34 við Víðimel. Stærð 20.55 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

36. Vilborg Karelisdóttir, Víðimel 35, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 35 við Víðimel. Stærð 22.4 ferm. Ennfremur að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 35 við Víðimel. Frestað.

37. Ingólfur Guðmundsson, Seljavegi 3A, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð sinni nr. 50 við Víðimel. Stærð 91.5 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 72.00.

38. Ingólfur Guðmundsson, Seljavegi 3A, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð sinni nr. 52 við Víðimel. Stærð 91.5 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 72.00.

39. Ólafur Magnússon, Túngötu 34, sækir um leyfi til að gera útlitsbreytingar á húsi tví, er hann hefir í smíðum á lóðinni nr. 18 við Flókagötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

40. Þorleifur Helgi Eyjólfsson, Eiríksgötu 31, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 9 við Kjartansgötu. Stærð 118.75 ferm. Frestað.

41. Oddur Helgason, Þingholtsstræti 34, sækir um leyfi til leyfi til að skipta lóðinni nr. 34 við Þingholtsstræti í fjórar lóðir, þannig: að lóðin nr. 34 við Þingholtsstræti verði 22 m. með götu og 414.1 ferm. Lóðin sem talin verði nr. 36 við Þingholtsstræti verði 16.4 m. með götu og 276.9 ferm. Lóðin, sem talin verði nr. 21 við Laufásveg verði 24.4 m. með götu og 359 ferm. og lóðin, sem talin verði nr. 23 við Laufásveg verði 24.45 m. með götu og 346.7 ferm. að stærð. Frestað.

42. Stefán Einarsson, Víðimel 62, sækir um leyfi til að skipta lóðinni nr. 183 við Hringbraut í tvær lóðir, þannig, að nyrðri lóðin, sem er hornlóð við Hringbraut og Kaplaskjólsvæg, verði 293.3 ferm. og verði talin nr. 1 við Kaplaskjólsvæg. Syðri lóðin verði talin nr. 3 við Kaplaskjólsvæg. Samþykkt.

42. Lagt fram bréf skipulagsnefndar, dags. í dag, vörðandi sambyggingu undir heilsuverndarstöð, á lóðum við Túngötu á milli Garðastrætis og Hávallagötu. Byggingarnefndin er sammála skipulagsnefnd, um að ekki sé rétt að leyfa sambyggingu á þessum stað.

Fleira ekki afgreitt.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson. Guðm. Eiríksson. Hörður Bjarnason.
Pétur Ingimundarson. Sigurður Pétursson. Einar Sveinsson.

Rétt innfært eftir fundargjörðinni.

Tómas Jónsson.

Ár 1939, fimmtudaginn 25. maí, kl. 5 e.h., hélt byggingar-
nefndin fund í skrifstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Jón J. Víðis, Eiríksgötu 4, sækir um leyfi til að setja
dyr á kjallara hússins nr. 4 við Eiríksgötu. Samþykkt. Gjald
kr. 5.00.

2. Helgi Guðmundsson, Grettisgötu 52, sækir um leyfi til
að gera viðbyggingu úr timbri, við hús sitt nr. 52 við Grettis-
götu. Stærð 3.15 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

3. Ragnar Lövdahl, Vifilsgötu 10, sækir um leyfi til að
gera útlitsbreytingar á svölum hússins nr. 7 við Hrefnugötu.
Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

4. Magnús Vigfússon, Bókhlöðustíg 11, sækir um leyfi til
að byggja brílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr.
36 við Hringbraut. Stærð 200.75 ferm. Samþykkt. Gjald kr.
212.00.

5. Valgeir Jónsson, Hringbraut 75, sækir um leyfi til að
byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 75 við
Hringbraut. Stærð 14.85 ferm. Ennfremur að gera girðingu úr
steinsteypu, um sömu lóð. Frestað.

6. Húsameistari ríkisins sækir f.h. Byggingarsamvinnufé-
lags Reykjavíkur um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr
steinsteypu, á leigulóðinni nr. 189 við Hringbraut. Stærð 92.4
ferm. Samþykkt. Gjald kr. 70.00.

7. Stefanía Gísladóttir, Hverfisgötu 37, sækir um leyfi
til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu Hverfis-
götu 37. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

8. J. Þorláksson & Norðmann, Bankastræti 11, sækja um
leyfi til að byggja eina hæð úr steinsteypu, ofan á kjallara
húss þess nr. 14 við Horpugötu, er brann 25. marz s.l. Samþykkt.
Gjald kr. 19.00.

9. Þorleifur Helgi Eyjólfsson, Eiríksgötu 31, sækir um
leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigu-
lóðinni nr. 9 við Kjsrtansgötu. Stærð 118.75 ferm. Frestað.

10. Björgvin Finnsson, Garðastræti 4, sækir um leyfi til
að innrétta kjallara húss þess, er hann hefir í smíðum á lóð
sinni nr. 11 við Laufásveg. Synjað.

11. Sigurður Þ. Skjaldberg, Laugavegi 49, sækir um leyfi
til að byggja bráðabirgða bifreiðarskúr úr steinsteypu, á lóð-
inni nr. 51 við Laugaveg. Stærð 24.5 ferm. Samþykkt. Gjald
kr. 7.00.

12. Þorsteinn Þorsteinsson, Laugavegi 52, sækir um leyfi til að stækka húsið nr. 52 við Laugaveg um 18.38 ferm. Samþykkt. Gjald kr.14.00.

13. Ari Antonsson, Bergþórugötu 14A, sækir um leyfi til að gera viðbyggingu úr steinsteypu, við hús sitt nr. 9 við Lindargötu. Stærð 7.2 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

14. Sigurður Guðmundsson, Lækjartorgi 1, og Kjartan Thors, sækja um leyfi til að gera ýmsar útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 8 við Lækjargötu. Samþykkt. Gjald kr. 15.00.

15. Ragnar Lövdahl, Vífilsgötu 10, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi því, er hann hefir í smíðum á lóðinni nr. 87 við Njálsgötu. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

16. Jóhann Hafliðason og Hafliði Jóhannsson, Freyjugötu 45, sækja um leyfi til að breyta gluggum hússins nr. 36 við Reynimel. Ennfremur að gera girðingu úr steinsteypu um lóðina nr. 36 við Reynimel. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

17. Jóhann Hafliðason og Hafliði Jóhannsson, Freyjugötu 45, sækja um leyfi til að breyta gluggum hússins nr. 38 við Reynimel. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

18. Vilhjálmur Þorsteinsson, Reynimel 40, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 40 við Reynimel. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

19. Jón Pálsson og Hjálmar Pálsson, Reynimel 42, sækja um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 42 við Reynimel. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

20. Ólafur Theódórs, Reynimel 54, sækir um leyfi til að breyta innréttingu í kjallara hussins nr. 54 við Reynimel. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

21. Sigurjón Fjeldsted, Veghúsastíg 1, sækir um leyfi til að stækka húsið nr. 1 við Veghúsastíg um ca. 5.38 ferm. Frestað.

22. Dagbjartur Sigurðsson, Ránargötu 4, og Bjarni Andrés-son, Ránargötu 11, sækja um leyfi til að gera ýmsar útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 12 við Vesturgötu. Samþykkt. Gjald kr. 20.00.

23. Ólafur R. Ólafs, Vesturgötu 16, sækir um leyfi til að hækka húsið nr. 16 við Vesturgötu um eina hæð úr steinsteypu. Samþykkt. Gjald kr. 29.00.

24. Friðrik Ólafsson, Vesturgötu 23, sækir um leyfi til að hækka bakhlíð hússins nr. 23 við Vesturgötu um eina hæð. Samþykkt. Gjald kr. 26.00.

25. Ólafur Bjarnason, Vitastíg 7, sækir um leyfi til að hækka og stækka húsið nr. 7 við Vitastíg. Stækkunin nemur 9.49 ferm. Frestað.

26. Sami sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 7 við Vitastíg. Stærð 21.90 ferm. Frestað.

27. María Guðmundsdóttir, Þórsögötu 2, sækir um leyfi til að stækka inngönguskúr við húsið nr. 2 við Þórsögötu um 1.72 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

28. H/f. Nýja Bló, Austurstræti 22B, sækir um leyfi til að setja glugga á austurgafli hússins nr. 22B við Austurstræti. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

29. Ingólfur Guðmundsson, Seljavegi 3A, sækir um leyfi til að hækka lofthæð í kjallara hússins nr. 50 við Víðimel. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

30. Ingólfur Guðmundsson, Seljavegi 3A, sækir um leyfi til að hækka lofthæð í kjallara hússins nr. 52 við Víðimel. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

31. H/f. Hampiðjan, Reykjavík, sækir um að fá endurnýjað byggingarleyfi það, er veitt var fyrir stækkun á verksmiðjuhúsi félagsins við Ónefnda götu í Rauðararholti, á fundi nefndarinnar 31. marz 1938. Samþykkt. Gjald kr. 140000. (140.00).

32. Osvald Knúsen, Hellusundi 6, sækir um leyfi til að breyta skiptingu lóðanna nr. 6 og 6A við Hellusund, þannig að forlóðin, sem var 367 ferm. verði 284 ferm. og baklóðin, sem var 352.5 ferm. verði 413 ferm. Synjað.

33. Oddur Helgason, Þingholtsstræti 34, sækir um leyfi til að skipta lóðinni nr. 34 við Þingholtsstræti í fjórar lóðir, þannig að lóðin nr. 34 við Þingholtsstræti verði 22 m. með götu og 414.1 ferm., lóðin, sem talin verði nr. 36 við Þingholtsstræti verði 16.4 metnar með götu og 276.9 ferm. Lóðin, sem talin verður nr. 21 við Laufásveg verði 26.6 m. með götu og 393.9 ~~xx~~ metra og lóðin, sem talin verði nr. 23 við Laufásveg verði 22.25 m. með götu og verði 311.8 ferm. Samþykkt.

34. Lögð fram skýrsla byggingarfulltrúa yfir byggingar byggðar á árinu 1938.

Fleira ekki afgreitt.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson. Hörður Bjarnason. Guðm. Eiríksson.
Guðm. Pétursson. Pétur Ingimundarson. Einar Sveinsson.

Rétt innfært eftir fundargjörðinni.

Tómas Jónsson.

Ár 1939, fimmtudaginn 8. júní kl. 5 e.h. hélt byggingarnefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Stefán Thorarensen, Auðarstræti 11, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu um lóðina nr. 11 við Auðarstræti. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
2. Jóhannes Z. Magnússon, Bústaðabl. 15, sækir um leyfi til að stækka íbúðarhús sitt á erfðafestulandinu Bústaðabl. XV um 227 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 6.00.
3. Rafmagnsveita Reykjavíkur sækir um leyfi til að byggja spennistöð á lóð sinni við Holtsgötu. Stærð 36 ferm. Frestað.
4. Sveinn B. Valfells o.fl., Hverfisgötu 2, sækja um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 2 við Hverfisgötu. Stærð 22.75 ferm. Jafnframt er felldur úr gildi uppdráttur af bifreiðarskúr á sömu lóð samþ. á fundi nefndarinnar 24. nóv. 1938. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
5. Hjálmar Guðmundsson, Þórsgötu 21, sækir um leyfi til að byggja þrjú íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 48 við Hringbraut. Stærð 100 ferm. Frestað.
6. Hjalti Lýðsson, Grettisgötu 64, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu um lóðinni nr. 67 við Hringbraut. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
7. Valgeir Jónsson, Hringbraut 75, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 75 við Hringbraut. Stærð 14.85 ferm. Ennfremur að gera girðingu úr steinsteypu, um sömu lóð. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.
8. Þorleifur Helgi Eyjólfsson, Eiríksgötu 31, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 9 við Kjartansgötu. Stærð 118.75 ferm. Frestað.
9. Verzlunin Brynja, Laugavegi 29, sækir um leyfi til að byggja geymsluskúr úr steinsteypu, á lóð sinni nr. 29 við Laugaveg. Stærð 79.78 ferm. Jafnframt er felldur úr gildi uppdráttur af geymsluskúr á sömu lóð, er samþykktur var á fundi nefndarinnar 13. apríl 1938. Samþykkt. Viðbótargjald kr. 24.00.
10. Gísli Jónsson, Laugarásbl. VII, sækir um leyfi til að stækka vinnuskúr sinn á erfðafestulandinu Laugarásbl. VII um 5.06 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
11. Lúðvík Guðmundsson, Laugarnesvegi 71, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi sínu nr. 71 við Laugarnesveg. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

12. Ingvar Sigurðsson, Mánagötu 6, o.fl., sækja um leyfi til að gera girðingu ír steinsteypu, um lóðina nr.6 við Mánagötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
13. Guðmundur Jónsson, o.fl. Mánagötu 8, sækja um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 8 við Mánagötu. Samþykkt. Gjald kr.5.00.
14. Agúst Jónsson, o.fl., Njálsgötu 65, sækja um leyfi til að hækka norðurhluta hússins nr. 65 við Njálsgötu UM EINA HAF- Synjað.
15. Rafmagnsveita Reykjavíkur sækir um leyfi til að byggja spennistöð úr steinsteypu, á lóð við Rauðarárstíg. Stærð 46.4 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 20.00.
16. Bernhard Petersen, Hafnarhúsinu við Geirsgötu, sækir um leyfi til að stækka lýsisvinnslustöð sína við Sellandsstíg og Hringbraut um 1194.11 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 478.00.
17. Valdimar Þorsteinsson, Barónsstíg 41, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 4 við Skarphéðinsgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
18. Ársæll Kjartansson, Bergstaðastræti 25B, sækir um leyfi til að byggja sumarhúsið úr timbri á erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XXIII. Stærð 30 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.
19. Þórarinn Arnórsson, Laufásvogi 10, sækir um leyfi til að byggja kartöflugeymslu úr steinsteypu, á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XXXVI. Stærð 80 ferm. Samþ. Gjald kr. 17.00.
20. Sami sækir um leyfi til að byggja íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XXXVI. Stærð 13.85 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
21. Ingibergur Þorkelsson, Bjarkargötu 10, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 64 við Víðimel. Stærð 97.2 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 76.00.
22. Rafmagnsveita Reykjavíkur sækir um leyfi til að byggja spennistöð úr steinsteypu, á lóð sinni við Víðimel. Stærð 46.4 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 20.00.
23. Ólafur Theódórs, Reynimel 54, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 68 við Víðimel. Stærð 130.15 ferm. Synjað.
24. Ólafur Bjarnason, Vitastíg 7, sækir um leyfi til að hækka og stækka húsið nr. 7 við Vitastíg. Stækkunin nemur 9.49 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 22.00.
25. Sami sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 7 við Vitastíg. Stærð 21.90 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

26. Óðkar Sveinbjörnsson, Laugavegi 147, sækir um leyfi til að setja kvist á bakhlíð hússins nr. 147 við Laugaveg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

27. Péttri Sigurjónssyni, Tjarnargötu 34, veitt réttindi til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík, sem trésmiður (nr. 239).

Tómas Jónsson. Pétur Ingimundarson. Guðm. Eiríksson.
Einar Sveinsson. Hörður Bjarnason. Sigurður Pétursson.

Rétt innfært eftir fundargjörðinni.
Tómas Jónsson.

Ár 1939, fimmtudaginn 22. júní, kl. 5 e.h., hélt byggingar-
nefndin fund í skrifstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Sveinbjörn Kristjánsson, Skólavörðustíg 15, sækir um leyfi til að gera útlitsbreytingar á neðstu hæð hússins nr. 36 Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
2. Viðar Thorsteinsson, Barónsstíg 55, sækir um leyfi til að byggja brílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 63 við Bergþórugötu. Stærð 148.3 ferm. Frestað.
3. Lúðvík Kaaber, Flókagötu 1, sækir um leyfi til að gera girðingu úr múrhúðuðu timbri, um ló ina nr. 1 við Flókagötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
4. Sigurður Sveinsson, Njálsgötu 25, sækir um leyfi til að byggja sumarústað úr vikursteini á erfðafestulandinu Foss-
vogsbl. XXXIV. Stærð 24.38 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 9.00.
5. Georg Ólafsson, Freyjugötu 46, sækir um leyfi til að setja ristak á hús sitt nr. 46 við Freyjugötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
6. Hjálmar Guðmundsson, Þórsögötu 21, sækir um leyfi til að byggja brílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 48 við Hringbraut. Stærð 100 ferm. Frestað.
7. Magnús Oddsson, Gunnarsbraut 36, sækir um leyfi til að byggja brílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 50 við Hringbraut. Stærð 100 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 104.00.
8. Sveinn Símonarson, Hringbraut 70, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 70 við Hringbraut. Stærð 26.82 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 8.00.
9. Ögmundur Sigurðsson, Hringbraut 71, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 71 við Hringbraut. Stærð 21.45 ferm. Ennfremur að gera girðingu úr steinsteypu um sömu lóð. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.
10. Húsameistari ríkisins sækir f.h. Byggingarsamvinnufélags Ræ Reykjavíkur um leyfi til að gera inngang í kjallara húss * þess, er félagið hefir í smíðum á leigulóðinni nr. 189 við Hringbraut. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
11. Garðar Gíslason, Hverfisgötu 4, sækir um leyfi til að fá endurnýjað byggingarleyfi það, er honum var veitt á fundi nefndarinnar 10. marz, 1938, fyrir stækkun á benzínafgreiðsluhúsi sínu á lóðinni nr. 6 við Hverfisgötu. Leyfið endurnýjað með illiti til fyrri samþykktar. Gjald kr. 5.00.

12. Guðjón Sigurðsson, Barónsstíg 63, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 17 við Karlagötu. Stærð 78.3 ferm. Jafnframt er felldur úr gildi uppdráttur af húsi á sömu lóð, samþykktur á fundi nefndarinnar 11. janúar 1939. Samþykkt. Gjald kr. 50.00.

13. Guðjón Sigurðsson, Barónsstíg 63, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 19 við Karlagötu. Stærð 78.3 ferm. Jafnframt er felldur úr gildi uppdráttur af húsi á sömu lóð, samþykktur á fundi nefndarinnar 11. janúar 1939. Samþykkt. Gjald kr. 50.00.

14. Ármann Guðmundsson, Þvervegi 40, og Kári Sigurðsson, Mánagötu 9, sækja um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 6 við Kjartansgötu. Stærð 96.07 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 77.00.

15. Þorleifur Helgi Eyjólfsson, Eiríksgötu 31, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 9 við Kjartansgötu. Stærð 118.75 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 96.00.

16. Christian Berndsen, Klapparstíg 42, sækir um leyfi til að setja kvist á Austurhlíð hússins nr. 42 við Klapparstíg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

17. Björgvin Finnsson, Garðastræti 4, sækir um leyfi til að innrétta kjallara húss Mess, er hann hefir í smíðum á lóðinni nr. 11 við Laufásveg. Samþykkt. Gjald kr. 20.00.

18. H. Biering, Hringbraut 108, sækir um leyfi til að byggja fjórlyft verzlunarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 6 við Laugaveg. Stærð 207.2 ferm. Frestað.

19. Kristján P. Hoffmann, Laugavegi 38, sækir um leyfi til að setja kvist á bakhlíð hússins nr. 38 við Laugaveg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

20. Teitur Magnússon, Bárugötu k 6, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 26 við Mánagötu. Stærð 87.22 ferm. Frestað.

21. Bæjarverkfræðingurinn í Reykjavík sækir f.h. bæjarsjóðs um leyfi til að byggja varðarhús úr steinsteypu á barnaleikvellinum við Njálsgötu. Stærð 15.5 ferm. Samþykkt.

22. Þorgeir Jóelsson, Hverfisgötu 100A, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 32 við Rauðarárstíg. Stærð 105.65 ferm. Frestað.

23. Þorgeir Jóelsson, Hverfisgötu 100A, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr.

34 við Rauðarárstíg. Stærð 105.65 ferm. Frestað.

24. Guðmundur Einarsson, Skólavörðustíg 43, sækir um leyfi til að hækka skúr við húsið nr. 43 við Skólavörðustíg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

25. Sigurður Sigurðsson, Laugavegi 49, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 46 við Skólavörðustíg. Stærð 75.70 ferm. Samþykkt með skilyrði. Gjald kr. 154.00. Pallur á bakhlíð, framan við eldhús, sé stytur úr 4 metrum niður í 2 metra, ennfremur að hús það, sem nú er fyrir verði fært til samræmis við byrjunarbyggingu, eftir því sem fært verður.

26. Björn L. Gestsson, Suðurgötu 6, sækir um leyfi til að byggja gripa- og alifuglahús úr timbri, á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XLII. Stærð 120.25 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 29.00.

27. Ingbór Sigurbjörnsson, Sogamýrarbl. XLV, sækir um leyfi til að breyta peningshúsi sínu á erfðafestulandinu, Sogamýrarbl. XLV í íbúðarhús. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

28. Sveinn Þorkellson, Sólvallagötu 9, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á viðbyggingu þeirri, er hann hefir í smíðum við húsið nr. 9 við Sólvallagötu. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

29. Guðleifur Guðmundsson, Spítalastíg 10, sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 10 við Spítalastíg. Stærð 17.16 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

30. Ásdís Johnsen, Túngötu 18, sækir um leyfi til að gera fyrirkomulagsbreytingar í kjallara hússins nr. 18 við Túngötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

31. Sigurjón Félðsted, Veghúsastíg 1, sækir um leyfi til að stækka timburhúsið á lóðinni nr. 1 við Veghúsastíg, um 5.72 ferm. Synjað.

32. Dagbjartur Sigurðsson, Ránargötu 4, o.fl., sækja um leyfi til að hækka ris hússins nr. 12 við Vesturgötu. Synjað.

33. Páll Ó. Lárusson, Freyjugötu 34, sækir um leyfi til að byggja gróðurhús úr timbri og gleri, við hús sitt á lóðinni nr. 34 við Freyjugötu. Stærð 19.11 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

34. Engilbert Magnússon, Lindargötu 1A, sækir um leyfi til að stækka kvist á bakhlíð hússins nr. 1A við Lindargötu. Frestað.

35. Helgi Hermann Eiríksson, o.fl., Sóleyjargötu 7, sækja um leyfi til að byggja skýli úr múrhúðuðu timbri, á lóðinni nr. 7 við Sóleyjargötu. Stærð 6.10 ferm. Ennfremur að gera girðingu úr múrhúðuðu timbri um sömu lóð meðfram Fjólugötu. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

36. Jónas Lárusson, Stúdentagarðinum, sækir um leyfi til að byggja bráðabirgða gróðurhús úr timbri og gleri á lóð Góðtemplarahússins við Templarasund. Stærð 55 ferm. Samþykkt með því skilyrði, að húsið verði tekið burtu, bænum að kostnaðarlausu, ef krafizt verður. Gjald kr. 14.00.

37. Ólafur Tryggvason, o.fl., Víðimel 30, sækja um leyfi til að minnka flatarmál húss þess, er þeir hafa í smíðum á leigulóðinni nr. 30 við Víðimel um 8.8 ferm. eða úr 90.68 ferm. í 81.88 ferm. Samþykkt. Gjaldfrítt.

38. Ólafur F. Ólafsson, ^{6/fl.} Víðimel 32, sækir um leyfi til að minnka flatarmál húss þess er hann hefur í smíðum á leigulóðinni nr. 32 við Víðimel, um 8.8 ferm. eða úr 90.68 ferm. í 81.88 ferm. Samþykkt. Gjaldfrítt.

39. Samt. staða steinsmíðahúss Magnúsar Guðnasonar o.fl. í Rauðarárholti, sbr. fundargerð byggingarnefndar 30. marz t.á.

40. Lögð fram bréf frá félagsmálaráðuneytinu frá 14. og 19. júní, þar sem úrskúráð er að leyfð skuli bygging á lóðinni nr. 13A við Garðastræti, sbr. teikningu Einars Sveinssonar húsameistara. Byggingarnefnd synjaði málinu 30. marz s.l. Það skal tekið fram, að ráðuneytið leitaði aldrei umsagnar byggingarnefndar um málið. Stærð hússins 90.5 ferm. Gjald kr. 95.00.

Fleira ekki afgreitt.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson. Hörður Bjarnason. Guðm. Ásbjörnsson.
Einar Sveinsson. Pétur Ingimundarson. Sigurður Pétursson.

Rét. innfært eftir fundargjörðinni.

Tómas Jónsson.

Ár 1939, fimmtudaginn 20. júlí, kl. 2 e.h., hélt byggingar-
nefndin fund í skrifstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Ellert Magnússon, Hringbraut 73, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 5 við Auðarstræti. Stærð 86.16 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 68.00.
2. Braunsverzlun, Austurstræti 10A, sækir um leyfi til að gera ýmsar útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi sínu nr. 10A við Austurstræti. Samþykkt. Gjald kr. 15.00.
3. Viðar Thorsteinsson, Barónsstíg 55, sækir um leyfi til að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 63 við Bergþórugötu. Stærð 148.3 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 252.00.
4. Sveinn M. Hjartarson, Bræðraborgarstíg 1, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 1 við Bræðraborgarstíg. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.
5. Hjálmar Guðmundsson, Þórsgötu 21, sækir um leyfi til að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 48 við Hringbraut. Stærð 100 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 104.00.
6. Einar B. Kristjánsson, Freyjugötu 37, og Kristján Sveinsson, sækja um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 191 við Hringbraut. Stærð 134.58 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 107.00.
7. Jóhann Ólafsson & Co., Hverfisgötu 18, sækir um leyfi til að taka burtu svalir á götuhlið hússins nr. 18 við Hverfisgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
8. E. Lövdahl, Hringbraut 78, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 7 við Kjartansgötu. Stærð 100.34 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 83.00.
9. Ásmundur Jóhannsson, Klapparstíg 13, sækir um leyfi til að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 13 við Klapparstíg. Stærð 131.1 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 138.00.
10. Útvegsbanki Íslands h.f., sækir um leyfi til að breyta gluggum á fiskverkunarstöð sinni á Kirkjusandi við Laugarnesveg. Samþykkt. Gjald kr. 50.00.
11. Stefán Thorarensen, Laugavegi 16, sækir um leyfi til að setja kvist á húsið nr. 16 við Laugaveg. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.
12. Engilbert Magnússon, Lindargötu 1, sækir um leyfi til að stækka kvistá bahlið hússins nr. 1 við Lindargötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

13. Teitur Magnússon, Bárugötu 6, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 26 við Mánagötu. Stærð 87.23 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00. Jafnframt er felldur úr gildi uppdráttur af húsi á sömu lóð, samþykktur á fundi nefndarinnar 9. júní 1938. Samþykkt.
14. Jens Sveinsson, Njálsgötu 25, sækir um leyfi til að gera útlitsbreytingar á bakhlíð hússins nr. 25 við Njálsgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
15. Gunnar Guðjónsson, Hringbraut 114, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 7 við Smáragötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
16. Ólafur H. Ólafsson, Hólavallagötu 7, og Magnús Andrésen, Hávallagötu 13, sækja um leyfi til að gera fyrirkomulagsbreytingar á húsi því, er þeir hafa í smíðum á leigulóðinni nr. 35 við Reynumel. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
17. Haflið Jóhannson og Jóhann Hafliðason, Freyjugötu 45, sækja um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 38 við Reynumel. Stærð 24.09 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
18. Dagbjartur Sigurðsson, Ránargötu 4, o.fl., sækja um leyfi til að byggja geymsluskúr úr steinsteypu, á bakhlíð hússins nr. 12 við Vesturgötu. Stærð 38.39 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 8.00.
19. Ólafur Sveinsson, Vífilsgötu 24, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 24 við Vífilsgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
20. Ísak Jónsson, Auðarstræti 15, sækir um leyfi til að gera útlitsbreytingar á bifreiðarskúr, er hann hefir í smíðum á lóðinni nr. 15 við Auðarstræti. Ennfremur um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um sömu lóð. Synjað.
21. Jon Bjarnason, Hringbraut 63, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 63 við Hringbraut. Stærð 18.48 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
22. Fjóla Féldsted, Hverfisgötu 46, sækir um leyfi til að setja glugga á vesturgafi hússins nr. 46 við Hverfisgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
23. Haraldur Guðmundsson, Hringbraut 34, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 2 við Kjartansgötu. Stærð 128 ferm. Frestað.
24. H. Biering, Hringbraut 108, sækir um leyfi til að byggja fjórlyft verzlunarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 6 við

Laugaveg. Stærð 207.2 ferm. Frestað.

25. Jón H. Sigurðsson, Laugavegi 40, sækir um leyfi til að gera fyrirkomulags- og útlitsbreytingar á húsinu nr. 40 við Laugaveg. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

26. Helgi H. Eiríksson, Sóleyjargötu 7, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr, skýli og girðingu úr steinsteypu, á lóðinni nr. 7 við Sóleyjargötu. Stærð bifreiðarskúrsins er 16.38 ferm. og skýlisins 6 ferm. Jafnframt er felldur úr gildi uppdráttur af skýli og girðingu á sömu lóð, samþykkt á fundi nefndarinnar 22. júní 1939. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

27. Rafmagsveita Reykjavíkur sækir um leyfi til að byggja bráðabirgðaspennistöð úr timbri, á erfðafestulandinu Þvottalauga-bletti XV. Stærð 13.50 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

28. Byggingarfulltrúi leggur til að húsið, sem talið hefir verið nr. 65 við Grettisgötu, verði framvegis talið nr. 27 við Barónsstíg. Samþykkt.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson. Guðm. Eiríksson. Einar Sveinsson.
Pétur Ingimundarson. Sigurður Pétursson.

Rétt innfært eftir fundargjörðinni.

Tómas Jónsson.

Ár 1939, fimmtudaginn 27. júlí, kl. 5 e.h., hélt byggingar-
nefndin fund í skrifstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Páll O. Larússon, Freyjugötu 34, sækir um leyfi til að setja glugga á götuhlið hússins nr. 34 við Freyjugötu. Synjað.
2. Ragnar Lövdahl, Vífilsgötu 10, sækir um leyfi til að hækka ris á húsi því, er hann hefir í smíðum á leigulóðinni nr. 42 við Hringbraut. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
3. Þorbjörn Bjarnason, Barónsstíg 49, sækir um leyfi til að hækka ris á húsi því, er hann hefir í smíðum á leigulóðinni nr. 40 við Hringbraut. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
4. Kristján Siggeirsson, Oldugötu 4, sækir um leyfi til að gera fyrirkomulagsbreytingar á húsi því, er hann hefir í smíðum á lóð sinni nr. 28 við Hverfisgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
5. Arni Þ. Arnason, Ingólfsstræti 20, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á husinu nr. 20 við Ingólfsstræti. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.
6. Þorl. Helgi Eyjólfsson, Eiríksgötu 31, sækir um leyfi til að hækka ris á húsi því, er hann hefir í smíðum á leigulóðinni nr. 9 við Kjartansgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
7. Gústaf Ólafsson, Garðastræti 43, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðunum nr. 22 og 24 við Mánagötu. Húsið verði talið nr. 22 við Mánagötu. Stærð 117.6 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 92.00.
8. Ragnar Lövdahl, Vífilsgötu 10, sækir um leyfi til að hækka ris á húsi því, er hann hefir í smíðum á leigulóðinni nr. 87 við Njálsgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
9. Bjarni Jónsson, Skólavörðustíg 40, sækir um leyfi til að setja kvist á suðurhlið hússins nr. 40 við Skólavörðustíg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
10. Tómas Vigfússon, Baldursgötu 9, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 57 við Víðimel. Stærð 113.22 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 91.00.
11. Sami sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 57 við Víðimel. Stærð 22.75 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
12. Guðbjörn Hansson, Skeggjagötu 14, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 22 við Vífilsgötu. Stærð 83.73 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 65.00.

13. Guðbjörn Hansson, Skeggjagötu 14, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 22 við Vífilsgötu. Stærð 19.90 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

14. Vilhjálmur Bjarnason, Bergþórugötu 51, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXIII. Stærð 108.8 ferm. Frestað.

15. Bjarni Pétursson, Vesturgötu 46, sækir um leyfi til að byggja bakskýli á lóðinni á lóðinni nr. 7 við Agisgötu. Stærð 128.63 ferm. Ennfremur að gera girðingu úr steinsteypu, um sömu lóð. Samþykkt, enda er gangréttarkvöð áskilin og verður ákveðin við samningagerð um lóðina. Gjald kr. 29.00.

16. Þór Sandholt, Laugarnesi, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 31 við Reynimel. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

17. Tómas Tómasson, Garðastræti 8, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 32 við Reynimel. Stærð 22.4 ferm. Ennfremur að gera girðingu úr steinsteypu um sömu lóð. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

18. Tómas Tómasson, Garðastræti 8, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 34 við Reynimel. Stærð 22.4 ferm. Ennfremur að gera girðingu úr steinsteypu, um sömu lóð. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

19. Lakk og málningarverksmiðjan Harpa, Skúlagötu, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóð sína við Skúlagötu og Hringbraut. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

F Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson. Guðm. Ásbjörnsson. Einar Sveinsson.
Pétur Ingimundarson. Sigurður Pétursson.

Rétt innfært eftir fundargjörðinni.

Tómas Jónsson.

Ár 1939, fimmtudaginn 10. ágúst, kl. 5 e.h., hélt byggingar-
nefndin fund í skrifstofu bæjarráðs.

Fundarefni:

1. Ísak Jónsson, Auðarstræti 15, sækir um leyfi til að setja dyr á bifreiðarskúr, er hann hefir í smíðum á lóðinni nr. 15 við Auðarstræti. Ennfremur að gera girðingu úr steinsteypu um sömu lóð. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
2. Stefán Gíslason, Leifsgötu 5, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, á lóðinni nr. 10 við Fossa-
Stærð 90 ferm. Synjað.
3. Sigurður Guðmundsson, Barónsstíg 18, sækir um leyfi til að byggja gróðurhús við suðurgafli hússins nr. 18 við Barónsstíg. Stærð 18.29 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
4. H/f. Lýsi Reykjavík, sækir um leyfi til að stækka lýs-
isvinnsluhús sitt við Grandaveg um 472.49 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 360.00.
5. Sigurður Þorsteinsson, Eiríksstötu 17, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 1 við Hrefnugötu. Stærð 106.12 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 85.00.
6. Ellert Magnússon, Hringbraut 73, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 73 við Hringbraut. Stærð 19.52 ferm. Ennfremur að gera girðingu úr steinsteypu um sömu lóð. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.
7. Ásmundur Jóhannsson, Klapparstíg 13, sækir um leyfi til að breyta gluggum á timburhúsinu á lóðinni nr. 13 við Klapp-
arstíg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
8. Magnús Þorgeirsson, Laugavegi 4, sækir um leyfi til að byggja bann hluta verzlunar- og íbúðarhúss síns á lóðinni nr. 4 við Laugaveg er að Laugavegi veit. Stærð 128.6 ferm. Frestað.
9. H. Biering, Hringbraut 108, sækir um leyfi til að byggja fjórlyft verzlunarhús úr steinsteypu, á lóð sinni nr. 6 við Laugaveg. Stærð 208.75 ferm. Frestað.
10. Þorsteinn Þorsteinsson, Laugavegi 52, sækir um leyfi til að breyta gluggum á húsinu nr. 52 við Laugaveg. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.
11. Aðalsteinn Sigurðsson, Vífilsgötu 15, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 21 við Skeggja-
götu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00/
12. Sveinn Benediktsson, Skólavörðustíg 33, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um leigulóðina nr. 23 við Skeggjagötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

13. Harðfisksalan, Þvergötu sækir um leyfi til að fella burtu glugga á verksmiðjuhúsi sínu við Þvergötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

14. Vilhjálmur Bjarnason, Bergþórugötu 31, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXIII. Stærð 108.8 ferm. Meiri hluti nefndarinnar vill veita undanþágu hvað stærð hússins snertir, og samþykkir uppdráttinn. Gjald kr. 56.00.

15. Dagbjartur Sigurðsson, Ránargötu 4, sækir um leyfi til að hækka ris hússins nr. 12 við Vesturgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

16. Haraldur Guðmundsson, Hringbraut 32, sækir um leyfi til að byggja tvilyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 2 við Kjartansgötu. Stærð 128 ferm. Frestað.

17. Eftirtöldum mönnum veitt viðurkenning til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík.

Sem trésmíður:

Nr. 240. Gunnlaugur B. Melsted, Laugavegi 18.

" 88. Logi E. Sveinsson, Auðarstræti 15, sem múrari.

" 89. Þorgeir Þórðarson, Vífilsgötu 14, " "

Fleira ekki afgreitt.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson. Guðm. Ásbjörnsson. Guðm. Eiríksson.
Pétur Ingimundarson. Einar Sveinsson. Sigurður Pétursson.

Ár 1939, fimmtudaginn 31. ágúst, kl. 5 e.h., hélt bygging-
arnefndin fund í skrifstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Sigurgrímur Stefánsson, Ásvallagötu 56, sækir um leyfi til að setja glugga á efri hæð hússins nr. 56 við Ásvallagötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
2. Benedikt Elfar, Baldursgötu 9, sækir um endurnýjun á byggingarleyfi fyrir tvílyftu íbúðar- og verzlunarhúsi á lóð sinni nr. 9 við Baldursgötu, er honum var veitt á fundi nefndarinnar 15. júlí, 1938. Samþykkt. Endurnýjunargjald kr. 5.00.
3. Guðm. Jónsson, Baldursgötu 29, sækir um leyfi til að byggja geymsluskúr úr steinsteypu, á lóð sinni nr. 20 við Baldursgötu. Stærð 28 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 6.00.
4. Sigurður Halldórsson, Þinghóltsstræti 7, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð sinni nr. 16 við Bergstaðastræti. Stærð 86.45 ferm. Frestað.
5. Björn Björnsson, Bergstaðastræti 35, sækir um leyfi til að þlytja timburhúsið á lóðinni nr. 35 við Bergstaðastræti, inn í rétta húsalínu. Ennfremur að hækka viðbyggingu þess um eina hæð, og stækka hana úr timbri um 8.10 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 12.00.
6. Viðar Thorsteinsson, Barónsstíg 55, sækir um leyfi til að hækka ris húss þess, er hann hefir í smíðum á leigulóðinni nr. 63 við Bergþórugötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
7. Guðm. Guðjónsson, Bræðraborgarstíg 18, sækir um leyfi til að stækka úr timbri, hús sitt nr. 18 við Bræðraborgarstíg um 8.8 ferm. Samþykkt með því skilyrði, að verðmæti þessarar stækunar dægizt frá kaupverði, ef bærinn þarf að kaupa húsið vegna götubreikkunar. Gjald kr. 10.00.
8. Jón Sigurðsson, Fjólugötu 21, sækir um leyfi til að hækka ris hússins nr. 21 við Fjólugötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
9. Grímur Tómasson, Grjótagötu 14, sækir um leyfi til að breyta gluggum á húsinu nr. 14 við Grjótagötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
10. Iðgimundur Jónsson, Holtsgötu 1, sækir um leyfi til að setja kvist á nórðurhlið hússins nr. 1 við Holtsgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
11. Ármann Sveinsson, Skeggjagötu 6, o.fl., sækja um leyfi til að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni

nr. 33 við Hringbraut. Stærð 263.76 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 274.00.

12. Hjálmar Guðmundsson, Þórsögötu 21, sækir um leyfi til að hækka ris húss þess, er hann hefir í smíðum á leigulóðinni nr. 48 við Hringbraut. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

13. Magnús Oddsson, Gunnarsbraut 38, sækir um leyfi til að hækka ris húss þess, er hann hefir í smíðum á leigulóðinni nr. 50 við Hringbraut. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

14. Kristján Siggeirsson, Oldugötu 4, sækir um leyfi til að gera útlitsbreytingar á húsi því, er hann hefir í smíðum á lóðinni nr. 28 við Hverfisgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

15. Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, sækir um leyfi til að minnka flatarmál hússins nr. 52 við Hverfisgötu um 1.79 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00

16. Félagsrentsmiðjan, Ingólfsstræti, sækir um leyfi til að breyta gluggum á húsi sínu við Ingólfsstræti. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

17. Þorkell Ingibergsson, Bjarkargötu 8, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 1 við Kjartanögötu. Stærð 86.78 ferm. Frestað.

18. Vikurfélagið h/f. Lágholtsvegi, sækir um leyfi til að byggja tvo þurrkhjalla, úr timbri á leiglóð sinni við Lágholtsveg. Stærð 663 ferm. Samþykkt eingöngu til vikurgeymslu. Gjald kr. 96.00/

19. H. Biering, Hringbraut 108, sækir um leyfi til að byggja fjórlyft verzlunarhús úr steinsteypu, á lóð sinni nr. 6 við Laugaveg. Stærð 208.7 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 298.00.

20. Stefán Thorarensen, Laugavegi 16, sækir um leyfi til að sameina kvisti á húsi sínu nr. 16 við Laugaveg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

21. Geir Pálsson, Garðastræti 17, sækir um leyfi til að gera ýmsar útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 6 við Mjóstræti. Frestað og vísað til bæjarverkfræðings.

22. Ragnar Lövdahl, Vífilsgötu 10, sækir um leyfi til að breyta gluggum á húsi því, er hann hefir í smíðum á lóðinni nr. 87 við Njálsgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

23. Hamiðjan h.f. Rauðarárholti, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á verksmiðjuhúsi sínu við Ónefnda götu í Rauðarárholti. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

24. Hampiðjan h/f, Rauðarárholti, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á leigulóð sinni við ónefnda götu í Rauðarárholti. Stærð 56 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 14.00.

25. Bernhard Petersen, Hafnarhúsinu, sækir um leyfi til að breyta þaki húss þess, er hann hefir í smíðum á lóð sinni við Sellandsstíg og Hringbraut. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

26. Ágústa Ólafsdóttir, Smáragötu 2, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi sínu nr. 2 við Smáragötu. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

27. Skúli Þorsteinsson, Vífilsgötu 2, o.fl., sækja um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 2 við Vífilsgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

28. Ólafur Sveinsson, Vífilsgötu 24, sækir um leyfi til að minka bifreiðarskúr sinn á lóðinni nr. 24 við Vífilsgötu, úr 20.88 ferm. í 14.49 ferm. Frestað.

29. Sami sækir um ^{leyfi til} að byggja geymsluskúr úr timbri og steini á leigulóðinni nr. 24 við Vífilsgötu. Stærð 16.79 ferm. Synjað.

30. Aðalsteinn Guðmundsson, Þvervegi 2, sækir um leyfi til að breyta þaki húss þess, er hann hefir í smíðum á lóð sinni nr. 2 við Þverveg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

31. Magnús Þorsteinsson, Lindargötu 4, sækir um leyfi til að byggja safnbó úr steinsteypu á erfðafestulandinu Þvottalauga-bletti XXX. Stærð 40 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 8.00.

32. Guðmundur Jónsson, Bergþórugötu 16A, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 7 við Oldugötu. Stærð 77.8 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 61.00.

33. Guðmundur Jónsson, Bergþórugötu 16A, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 7A við Oldugötu. Stærð 77.8 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 61.00.

34. Guðmundur Jónsson, Bergþórugötu 16A, sækir um leyfi til að skipta lóð sinni nr. 7 við Oldugötu í tvær lóðir, þannig að hver lóð verði 10 m. með Oldugötu, en eystri lóðin, sem talin verði nr. 7 við Oldugötu verði 231.4 ferm. að flatarmáli, og vestri lóðin, sem talin verði nr. 7A við Oldugötu, verði 242 ferm. að stærð. Samþykkt.

35. Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, sækir um leyfi til að skipta spildu úr bakhluta lóðar sinnar nr. 52 við Hverfisgötu, þannig að lóðin, sem var 233 ferm. verði nú 231.2 ferm. Lóðin nr. 54 við Hverfisgötu, sem var 600.6 ferm. verði 601.8 ferm. og lóðin nr. 4 við Vatnsstíg, sem var 351.9 ferm. verði 352.5 ferm. Samþykkt.

36. Magnús Þorgeirsson, eigandi lóðarinnar nr. 4 við Laugaveg, og H. Biering, eigandi lóðarinnar nr. 6 við Laugaveg, sækja um leyfi til að rétta lóðamörk milli ofangreindra lóða, og verður þá lóðin nr. 4, sem áður var 263.9 ferm. 261.26 ferm. að stærð og lóðin nr. 6, sem áður var 286.4 ferm. verði 289.04 ferm. Samþykkt.

Fleira ekki afgreitt.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Einar Sveinsson. Guðm. Eiríksson. Sigurður Pétursson.

Rétt innfært eftir fundargjörðinni.
Tómas Jónsson.

Ár 1939, fimfundaginn 14. september, kl. 5 e.h., hól, bygg-
ingarnefndin fund í skrifstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Torfi Guðbjörnsson, Laugavegi 98, sækir um leyfi til
að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 7 við Auðarstræti.
Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

2. Jón Guðjónsson, Fjölfnisvegi 14, sækir um leyfi til
að byggja bakhæð úr timbri (Mansardbak) ofan á húsið nr. 14 við
Fjölfnisveg. Samþykkt. Gjald kr. 25.00.

3. H/f. Lýsi, Grandavegi, sækir um leyfi til að byggja
geymsluhús úr steini og timbri á leigulóð sinni við Grandaveg.
Stærð 463.64 ferm. Frestað.

4. Sama sækir um leyfi til að byggja geymsluhús úr steini
og timbri á bakhluta lóðar sinnar við Grandavegíg (Grandaveg).
Stærð 500 ferm. Frestað.

5. Ástríður Sigurðardóttir, Grettisgötu 75, sækir um leyfi
til að byggja geymsluskúr úr steinsteypu á lóðinni nr. 75 við
Grettisgötu. Stærð 9.03 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

6. Sigurður Þóráeinsson, Eiríksgötu 17, sækir um leyfi
til að stækka hús það, er hann hefir í smíðum á leigulóðinni
nr. 1 við Hrefnugötu um 0.63 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

7. Guðmundur Helgason, Bergþórugötu 35, sækir um leyfi
til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 4
við Hrefnugötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

8. Símon Símonarson, Hringbraut 70, sækir um leyfi til
að gera kjallara undir hluta af bílaskúr þeim, er hann hefir
í smíðum á leigulóðinni nr. 70 við Hringbraut. Samþykkt. Gjald
kr. 5.00.

9. Júlíus Jónsson, Bergþórugötu 53, sækir um leyfi til
að gera útlitsbreytingar á húsinu nr. 74 við Hverfisgötu. Sam-
þykkt. Gjald kr. 10.00.

10. Þórir Baldvinsson, Laugamýrarbl. XXVIII, sækir um leyfi
til að byggja geymsluskúr úr steinsteypu við íbúðarhús sitt á
erfðafestulandinu Laugamýrarbl. XXVIII. Stærð 22.77 ferm.
Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

11. Þorsteinn Þorsteinsson, Laugavegi 52, sækir um leyfi
til að setja glugga á gafla hússins nr. 52 við Laugaveg. Sam-
þykkt. Gjald kr. 5.00.

12. Þorsteinn Jónsson, Laugavegi 68, sækir um leyfi til að setja ljósaskilti á götuhlið hússins nr. 68 við Laugaveg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

13. Skógerðin h.f., Rauðarárstíg 15, sækir um leyfi til að gera viðbyggingu úr steinsteypu, við smíðahús sitt á lóðinni nr. 15 við Rauðarárstíg. Stærð 33.84 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

14. Þorleifur Helgi Eyjólfsson, Eiríksgötu 31, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 36 við Rauðarárstíg. Stærð 129.47 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 102.00.

15. Þorleifur Helgi Eyjólfsson, Eiríksgötu 31, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 38 við Rauðarárstíg. Stærð 129.47 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 102.00.

16. Richard Eiríksson, Hringbraut 181, sækir um leyfi til að hækka og stækka íbúðarhús sitt, úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 35 við Sólvallagötu. Stækkunin nemur 79.88 ferm. Timburhús það, sem nú er á lóðinni verður bá jafnframt rífið. Samþykkt. Gjald kr. 99.00.

17. Þorkell Ingibergsson, Bjarkargötu 8, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 1 við Kjartansgötu. Stærð 86.78 ferm. Frestað.

18. Guðjón Sigurðsson, Bárúgústíg 63, sækir um leyfi til að breyta hluta af geymslu hússins nr. 17 við Karlagötu, í fiskbúð. Synjað.

19. Geir Pálsson, Garðastræti 17, sækir um leyfi til að gera veitingasali, ásamt öðrum breytingum, á fyrirkomulagi hússins nr. 6 við Mjóstræti. Synjað.

Fleira ekki afgreitt.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson. Guðm. Ásbjörnsson. Guðm. Eiríksson.
Pétur Ingimundarson. Einar Sveinsson. Sigurður Pétursson.

Rétt innfært eftir fundargerðinni.

Tómas Jónsson.

Ár 1939, miðvikudaginn 27. september, kl. 5 e.h., hélt bygg-
ingarnefndin fund í skrifstofu bæjarráðs.

Fundarefni:

1. Jón Ólafsson, Amtmannsstíg 6, sækir um leyfi til að gera viðbótarbyggingu úr steinsteypu, við hús sitt nr. 6 við Amtmannsstíg. Stærð 9.86 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 8.00.
2. Eyjólfur Kolbeinsson, Túngötu 36 og Þorl. K. Þorleifsson, Hellusundi 6, sækja um leyfi til að byggja bráðabirgðageymsluskúr úr timbri, á lóðinni nr. 6 við Austurstræti. Stærð 385 ferm. Synjað.
3. Pálína Þ. M. Þorleifsdóttir, Bræðraborgarstíg 32A, sækir um leyfi til að stækka inngönguskúr við húsið nr. 32A við Bræðraborgarstíg, um 2.53 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
4. Sigvaldi Ó. Guðmundsson, Hringbraut 69, sækir um leyfi til að gera fyrirkomulagsbreytingar á kjallara hússins nr. 69 við Hringbraut. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
5. Sænsk- íslenska frystihúsið, Ingólfsstræti, sækir um leyfi til að endurbyggja þann hluta húss síns við Ingólfsstræti, er brann s.l. sumar. Ennfremur að gera ýmsar útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu. Frestað.
6. Kári Sigurðsson, Mánagötu 9, og Ármann Guðmundsson, Þvervegi 40, sækja um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 4 við Kjartansgötu. Stærð 96.07 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 77.00.
7. Þorsteinn Þorsteinsson, Laugavegi 52, sækir um leyfi til að breyta afstöðu reykháfs hússins nr. 52 við Laugaveg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
8. Jón Guðmundsson, Njálsgötu 62, sækir um leyfi til að setja kvist á suðurhlíð hússins nr. 62 við Njálsgötu. Ennfremur að breyta inngönguskúr sama húss. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.
9. Hafliði Jóhannsson, Freyjugötu 45, o.fl., sækja um leyfi til að gera fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 36 við Reynimel. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
10. Hafliði Jóhannsson, Freyjugötu 45, o.fl., sækja um leyfi til að gera fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 38 við Reynimel. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
11. Guðjón Sæmundsson, Tjarnargötu 10C, sækir um leyfi til að breyta gluggum á húsi því, er hann hefir í smíðum á leigulóðinni nr. 46 við Reyni mel. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
12. Guðjón Sæmundsson, Tjarnargötu 10C, sækir um leyfi til að breyta gluggum á húsi því, er hann hefir í smíðum á leigu-

lóðinni nr. 48 við Reynimel. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

13. Þorsteinn Hannesson, Suðurgötu 3, sækir um leyfi til að setja ljósaskilti á götuhlið hússins nr. 3 við Suðurgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

14. Lúðvík Jónsson, Nönnugötu 1A, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 1A við Nönnugötu. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

15/ Ólafur Sveinsson, Vífilsgötu 24, sækir um leyfi til að stækka bifreiðarskúr á lóðinni nr. 24 við Vífilsgötu, um 3.35 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

16. Guðbjörg Bergþórsdóttir, Oldugötu 29, sækir um leyfi til að byggja geymsluskúr úr timbri og steini, á lóðinni nr. 29 við Oldugötu. Stærð 12.40 ferm. Frestað.

17. Magnús Þorgeirsson, Laugavegi 4, sækir um leyfi til að mega telja eignina Laugaveg 4, nr. 4 við Laugaveg og nr. 1A við Skólavörðustíg. Samþykkt.

18. Þóroddur Jónsson, Garðastræti 46, sækir um leyfi til að mega telja húsið nr. 46 við Garðastræti nr. 1 við Hávallagötu. Samþykkt.

Fleira ekki afgreitt.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson. Pétur Ingimundarson. Guðm. Eiríksson.
Einar Sveinsson. Hörður Bjarnason. Guðm. Ásbjörnsson.
Sigurður Pétursson.

Rétt innfært eftir fundargjörðinni.

Tómas Jónsson.

Ár 1939, miðvikudaginn 20. september, kl. 5 e.h., hélt bygg-
ingarnefndin fund í skrifstofu borgarstjóra, Austurstræti 16.

Fundarefni:

Niðursuðuverksmiðja S. í. F. sækir um leyfi til að
byggja einlyft reykhus úr steini á lóðinni Lindargötu 22. Stærð
85 ferm. Samþykkt, enda verði húsið rífið, bæjarsjóði að kostn-
aðarlausu, þegar krafizt verður. Gjald kr. 37.00.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Einar Sveinsson. Sigurður Pétursson.

Rétt innfært eftir fundargerðinni.
Tómas Jónsson.

Ár 1939, fimmtudaginn 12. október, kl. 5 s.d., hélt byggingarnefndin fund í skrifstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. P. L. Mogensen, Aðalstræti 2, sækir um leyfi til að setja glugga á suðurgafli húss síns nr. 2 við Aðalstræti. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
2. Samband ísl. samvinnufélaga, Reykjavík, sækir um leyfi til að setja auglýsingaskilti á bak hússins nr. 2 við Bankastræti. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
3. Ingibjartur Jónsson, Bjargarstíg 16, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 16 við Bjargarstíg. Frestað.
4. Anton Sigurðsson, Brávallagötu 26, sækir um leyfi til að gera fyrirkomulagsbreytingar á efstu hæð hússins nr. 26 við Brávallagötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
5. H/f. Lýsi, Grandavegi, sækir um leyfi til að ~~mygja~~ útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi því, er þa hefir í smíðum á lóð sinni við Grandaveg. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.
6. H/f. Lýsi Grandavegi, sækir um leyfi til að byggja geymsluhús úr steini og timbri á leigulóð sinni við Grandaveg. Stærð 432 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 112.00.
7. H/f. Lýsi Grandavegi, sækir um leyfi til að byggja geymsluhús úr steini og timbri á bakhluta lóðar sinnar við Grandaveg. Stærð 500 ferm. Synjað.
8. Olgerðin Egill Skallagrímsson, Reykjavík, sækir um leyfi til að byggja skúr úr steini og timbri á lóðinni nr. 22D við Grettisgötu. Stærð 66.19 ferm. Frestað.
9. Sænsk-íslenska-frystihúsið, Ingólfsstræti, sækir um leyfi til að endurbyggja þann hluta húss síns við Ingólfsstræti, sem brann s.l. sumar. Ennfremur að gera ýmsar útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu. Samþykkt. Gjald kr. 250.00.
10. Sænsk-íslenska-frystihúsið, Ingólfsstræti, sækir um endurnýjun á byggingarleyfi fyrir skúrbyggingu á lóð sinni við Ingólfsstræti, er samþykkt var á fundi nefndarinnar 8. nóvemb. 1934. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
11. Guðjón Sigurðsson, Barónsstíg 63, sækir um leyfi til að setja inngöngudyr á geymslu húss þess, er hann hefir í smíðum á leigulóðinni nr. 17 við Karlagötu. Synjað.
12. Guðjón Sigurðsson, Barónsstíg 63, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu um lóðina nr. 17 við Karlagötu. Frestað.

13. Guðjón Sigurðason, Barónsstíg 63, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 19 við Karlagötu. Frestað.

14. Ármann Guðmundsson, Mánagötu 9, o.fl., sækja um leyfi til að breyta útitröppum húss þess, er þeir hafa í smíðum á leigulóðinni nr. 6 við Kjartansgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

15. Þorl. Helgi Eyjólfsson, Eiríksgötu 31, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um leigulóðina nr. 9 við Kjartansgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

16. Einar Guðmundsson, Bergstaðastræti 67, sækir um leyfi til að byggja þrilyft verzlunar- og íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 86 við Njálsgötu. Stærð 188.6 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 195.00.

17. Þorleifur Helgi Eyjólfsson, Eiríksgötu 31, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi því, er hann hefir í smíðum á leigulóðinni nr. 36 við Rauðarárstíg. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

18. Þorl. Helgi Eyjólfsson, Eiríksgötu 31, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi því, er hann hefir í smíðum á leigulóðinni nr. 38 við Rauðarárstíg. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

19. Tómas Tómasson, Njálsgötu 110, sækir um leyfi til að breyta handriði á útitröppum húss þess, er hann hefir í smíðum, á leigulóðinni nr. 10 við Skarphéðinsgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

20. Tómas Tómasson, Njálsgötu 110, sækir um leyfi til að breyta handriði á útitröppum húss þess, er hann hefir í smíðum á leigulóðinni nr. 12 við Skarphéðinsgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

21. Ingólfur Guðmundsson, Seljavegi 3A, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um leigulóðina nr. 50 við Víðimel. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

22. Ingólfur Guðmundsson, Seljavegi 3A, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um leigulóðina nr. 52 við Víðimel. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

23. Guðbjörg Bergþórsdóttir Oldugötu 29, sækir um leyfi til að byggja geymsluskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 29 við Oldugötu. Stærð 12.40 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

24. Kritján Sigurgeirsson, Oldugötu 4, sækir um leyfi til að setja ljósaskilti á norðurhlíð hússins nr. 28 við Hverfisgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

25. Ingimar Þorsteinsson, Seljavegi 9, sækir um leyfi til

að byggja einlyft smíðjuhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 14 við Nýlendugötu. Stærð 80 ferm. Frestað.

26. Félagsprentsmiðjan h/f. Ingólfsstræti, sækir um leyfi til að setja gat á millivegg milli húss Félagsprentsmiðjunnar við Ingólfsstræti og hússins nr. 12 við Hverfisgötu. Stærð 60X40 cm., enda verði tvöfaldar járnhurðir settar fyrir opið. Samþykkt, að mæla með undanþágu. Gjald kr. 10.00.

Fleira ekki afgreitt.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson. Pétur Ingimundarson. Hörður Bjarnason.
Guðm. Ásbjörnsson. Guðm. Eiríksson. Einar Sveinsson.
Sigurður Pétursson.

Rétt innfært eftir fundargerðinni.

Tómas Jónsson.

Ár 1939, fimmtudaginn 26. október, kl. 5 e.h., hélt byggingarnefndin fund í skrifstofu bæjarráðs.

Fundarefni:

1. Páll Magnússon, Bergstaðastræti 4, sækir um leyfi til að sameina kvisti á austurhlíð hússins nr. 4 við Bergstaðastræti. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
2. Magnús V. Jóhannesson, sækir f.h. Byggingarfélag Reykjavíkur um leyfi til að breyta dyrum á húsinu nr. 41 við Bergþórugötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
3. Magnús V. Jóhannesson, sækir f.h. Byggingarfélag Reykjavíkur um leyfi til að breyta gluggum á húsinu nr. 43 við Bergþórugötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
4. Magnús V. Jóhannesson, sækir f.h. Byggingarfélag Reykjavíkur um leyfi til að breyta gluggum á húsinu nr. 45 við Bergþórugötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
5. Ingibjartur Jónsson, Bjargarstíg 16, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 16 við Bjargarstíg. Synjað.
6. H/f. Lýsi, Grandavegi, sækir um leyfi til að byggja geymsluhús úr steinsteypu á bakhluta lóðar sinnar við Grandaveg. Stærð 500 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 125.00.
7. Olgerðin Egill Skallagrímsson, Reykjavík, sækir um leyfi til að byggja bráðabirgðaskúr úr steini og timbri á lóðinni nr. 22D við Grettingsgötu. Stærð 66.19 ferm. Samþykkt með því skilyrði að skúrinn verði tekinn burtu, bænum að kostnaðarlausu, þegar krafist verður. Gjald kr. 33.00.
8. Úlrich Richter, Holtsgötu 41, sækir um leyfi til að setja reykhlíf við húsið nr. 41 við Holtsgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
9. Kristján Þorgrímsson, Laugavegi 58, sækir um leyfi til að stækka bifreiðarskúr á lóðinni nr. 58 við Laugarnesveg, um 6.4 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
10. Hrefna Sigurgeirsdóttir, Ránargötu 33, sækir um leyfi til að stækka og breyta efstu hæð steinvíðbyggingarinnar við húsið nr. 68 við Laugaveg. Samþykkt. Gjald kr. 11.00.
11. Stefán Einarsson, Rauðarárstíg 40, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi því, er hann hefir í smíðum á leigulóðinni nr. 1 við Kaplaskjólsvæg. Samþykkt. Gjald kr. 15.00.
12. Stefán Einarsson, Rauðarárstíg 40, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi því, er hann

hefir í smíðum á leigulóðinni nr. 3 við Kaplaskjólsvæg. Samþykkt.
Gjald kr. 10.00.

13. Guðjón Sigurðsson, Barónsstíg 63, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 17 við Karlagötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

14. Guðjón Sigurðsson, Barónsstíg 63, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 19 við Karlagötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

15. Ingimar Þorsteinsson, Seljavegi 9, sækir um leyfi til að byggja einlyft smíðjuhús úr steinsteypu, á lóð sinni nr. 14 við Nýlendugötu. Stærð 80 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 24.00.

16. Ólafur Gunnlaugsson, Ránargötu 15, sækir um leyfi til að gera viðbyggingu við hús sitt á lóðinni nr. 15 við Ránargötu. Stærð 15.p4 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

17. Magnús Andrésen, Hávallagötu 13, og Ólafur H. Ólafsson, Hólavallagötu 7, sækja um leyfi til að gera útlitsbreytingar á húsinu nr. 35 við Réynimel. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

18. Einar Pétursson, Smáragötu 1, sækir um leyfi til leyfi til að gera útlitsbreytingar á húsinu nr. 1 við Smáragötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

19. Ásgeir Jónsson, Hólavallagötu 3, o.fl., sækja um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 3 við Hólavallagötu. Stærð 24 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 6.00.

20. Hörður Bjarnason Laufásvegi 46, sækir um leyfi til að gera útlits- og gyrirkomulagsbreytingar á húsi því, er hann hefir í smíðum á lóðinni nr. 13 við Hólavallagötu. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

21. Byggingarfulltrúi leggur fram skýrslu yfir ólöglegar byggingar í bænum.

Fleira ekki afgreitt.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson. Guðm. Ásbjörnsson. Hörður Bjarnason.
Guðm. Eiríksson. Pétur Ingimundarson. Einar sveinsson.
Sigurður Pétursson.

Rétt innfært eftir fundargerðinni.

Pétur Halldórsson.

Ár 1939, fimmtudaginn 9. nóvember, kl. 5 e.h., hélt byggingarnefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:
13. Einar Pálsson, Grímsstöðum, Grímsstaðarholti, sækir um leyfi til að gera viðbyggingu úr timbri við húsið Grímsstaðir á Grímsstaðarholti. Stærð 28.77 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 7.00.

Fleira ekki afgreitt.

Fundi sliðið.

Bjarni Benediktsson, settur. Guðm. Ásbjörnsson. Guðm. Eiríksson. Hörður Bjarnason. Pétur Ingimundarson. Tómas Vigfússon. Sigurður Pétursson.

Rét, innfært eftir fundargerðinni.

Bjarni Benediktsson,
settur.

18.00.
16, sækir
ypu, við
m. Eirík
byggingu

Ár 1940, fimmtudaginn 14. nóvember, kl. 5. e.h., hélt bygg-
ingarnefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Egill Árnason, Fjölnisveg 14, sækir um leyfi til að gera fyrirkomulagsbreytingar á bakhæð hússins nr. 14 við Fjölnisveg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
2. Jóhann Eyjólfsson, Sjafnargötu 8, sækir um leyfi til að breyta dyrum á húsinu nr. 18 við Hafnarstræti. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
3. Einar Sveinsson, Víðimel 58, og Magnús Vigfússon, Bókhlöðustíg 11, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 185 við Hringbraut. Stærð 145.9 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 103.00.
4. Sveinn Sveinsson, Sellandsstíg 14, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á netagerðarhúsi því, er hann hefir í smíðum við fyrirhugaða framlengingu Skúlagötu. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.
5. Vinnufatagerð Íslands h.f., Þverholti 17, sækir um leyfi til að hækka verksmiðjuhús sitt á lóðinni nr. 17 við Þverholt, um eina hæð úr steinsteypu. Samþykkt. Gjald kr. 153.00.
6. Húsameistari ríkisins sækir um leyfi til að byggja inngonguskúr við íbúðarhúsið á erfðafestulandinu Þvo+talauga-bletti XIX. Stærð 4.8 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
7. Egill Vilhjálmsson, Laugavegi 118, sækir um leyfi til að byggja einlyft bráðabirgðaveitingahús úr timbri, á lóð sinni nr. 120 við Laugaveg. Stærð 112 ferm. Synjað.
8. Gísli Sigurðsson, Hlíðarenda við Laufásveg, sækir um leyfi til að byggja íbúðarhús úr timbri, í fyrirhuguðu húsahverfi við Höfða. Stærð 70.8 ferm. Frestað.
9. Eftirtöldum mönnum veitt viðurkenning til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:
Sem múrari:
Nr. 94. Sveinn Pálsson, Eiríksgötu 31.
Sem trésmíður:
Nr. 244. Leó Guðlaugsson, Barónsstíg 59.

Fleira ekki afgreitt.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson, settur. Pétur Ingimundarson. Guðm.
Eiríksson. Guðm. Ásbjörnsson. Hörður Bjarnason. Tómas
Vigfússon. Sigurður Pétursson.
Rétt innfært eftir fundargerðinni.
Bjarni Benediktsson, settur.

Ár 1940, fimmtudaginn 28. nóvember kl. 5 e.h., hélt byggingarnefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Formaður minntist andláts Peturs Halldórssonar borgarstjóra, og stóðu nefndarmenn upp til heiðurs við minningu hans.

Fundarefni:

1. Asgeir Þorsteinsson, Fjölnisvegi 12, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 12 við Fjölnisveg. Stærð 27 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 7.00.
2. Einar Erlendsson, Skólastræti 5, sækir f.h. Fríkirkjusafnaðarins um leyfi til að gera tvær viðbyggingar við kirkju safnaðarins við Fríkirkjuveg. Stærð 23.22 ferm. Frestað.
3. Einar Ásmundsson, Hverfisgötu 42, sækir um leyfi til að byggja fjórlyft íbúðar- og verzlunarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 42 við Hverfisgötu. Stærð 162.1 ferm. Jafnframt er felldur úr gildi uppdráttur af húsi á sömu lóð samþykktur á fundi nefndarinnar 13. október 1928. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
4. Húsameistari ríkisins sækir um leyfi til að setja kvist á vesturhlíð lækni- og bústaðarins að Kleppi. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
5. Eiríkur Ágústsson, Laugavegi 103, sækir um leyfi til að breyta inngangi hússins nr. 103 við Laugaveg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
6. Húsameistari ríkisins sækir um leyfi til að byggja bráðabirgða þakskýli yfir hluta baklóðarinnar nr. 3 við Pósthússtræti. Samþykkt. Gjald kr. 9.00.
7. Gísli Sigurðsson, Austurbæjarskólanum, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús á leigulóð sinni við Höfða. Stærð 70.8 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 35.00.
8. Lagðar fram tillögur prófessors Ólafs Lárussonar, prófessors Sigurðar Nordals og háskólaritara Péturs Sigurðssonar, um götuheiti fyrirhugaðra gatna milli Hringbrautar og Lauganesvegjar, neðan Hverfisgötu og Suðurlandsbrautar. Leggja þeir til að götunöfn á sveði þessu endi á "tún", og götur þær, sem þegar eru ákveðnar fái nöfn sem hér segir, samkvæmt uppdrætti:
1. Sætún, 2. Höfðatún, 3. Samtún, 4. Miðtún
5. Hátún, 6. Nóatún. Frestað.
9. Samkvæmt beiðni borgarstjóra leggjur byggingarfulltrúi fram tillögur um sameiningu gatnanna: Kirkjugarðsstígur, Hóla-
torg, Sólvallagata og Sellandsstígur í eina götu, er beri nafnið Sólvallagata og að tölusetning lóða við götu þessa verði sem hér segir:
Nú:
Sólvallagata nr. 4, áður Kirkjugarðsstígur nr. 6.

Nú	Sólvallagata 6,	áður Kirkjugarðsstígur nr.	8
"	"	Hólatorg 2	2
"	"	"	4
"	"	"	6
"	"	"	8
"	"	Sólvallagata	1
"	"	"	2
"	"	"	3
"	"	"	4
"	"	"	5
"	"	"	6
"	"	"	5A
"	"	"	8
"	"	"	7
"	"	"	10
"	"	"	7A
"	"	"	12
"	"	"	9
"	"	"	14
"	"	"	11
"	"	"	16
"	"	"	13
"	"	"	18
"	"	"	15
"	"	"	20
"	"	"	17
"	"	"	22
"	"	"	19
"	"	"	24
"	"	"	21
"	"	"	26
"	"	"	23
"	"	"	28
"	"	"	25
"	"	"	30
"	"	"	27
"	"	"	32
"	"	"	29
"	"	"	32A
"	"	"	31
"	"	"	34
"	"	"	33
"	"	"	36
"	"	"	35
"	"	"	38
"	"	"	37
"	"	"	40
"	"	"	39
"	"	"	41
"	"	Sellandsstígur 8	8
"	"	Sólvallagata	45
"	2	Sellandsstígur 12	10
"	"	Sólvallagata	47
"	"	Sellandsstígur	12
"	"	"	14

Nú Sólvallagata	áður	Sellandsstígur	nr.1
69	"	"	16
" 2	70	"	3
" "	71	"	18
" "	72	"	5
" "	73	"	20
" "	74	"	7
" "	75	"	9
" "	77	"	11
" "	79	"	26
" "	80	"	13
" "	81	"	28
" "	82	"	30
" "	84	"	32
" "	86	"	34
" "	88	"	

94 Sellandsstígur Hringbraut, Bernh. Petersen
 79 Sellandsst. Hringbraut, Steindór Einarsson.
 Frestað.

Fleira ekki afgreitt.

Fundi sliðið.

Bjarni Benediktsson, settur. Guðm. Ásbjörnsson.
 Hörður Bjarnason. Pétur Ingimundarson. Tómas Vigfússon.
 Guðmundur Eiríksson. Sigurður Pétursson.

Rétt innfært eftir fundargerðinni.
 Bjarni Benediktsson,
 settur.

Ár 1940, fimmtudaginn 12. desember, kl. 5 e.h., hélt byggingarnefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Þorsteinn Sch. Thorsteinsson, Austurstræti 16, sækir um leyfi til að gera einlyfta viðbyggingu úr steinsteypu, við húsið nr. 16 við Austurstræti. Stærð 77 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 23.00.
2. Lýsissamlag Íslezkra botnvörpunga, Austurstræti 12, sækir um leyfi til að byggja bráðabirgðabak yfir lýsisgeymsluport sitt við Brunnstíg. Stærð 554.13 ferm. Samþykkt með því skilyrði, að byggingin verði tekin burtu bæjarsjóði að kostnaðarlausu, hvenær sem krafizt verður. Gjald kr. 116.00.
3. Rafmagnsveita Reykjavíkur sækir um leyfi til að setja til bráðabirgða, upp spennni og umgjörð um hann, við spennistöð sína á Lækjartorgi. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
4. Kristín Árnadóttir, Skólavörðustíg 8, sækir um leyfi til að breyta bifreiðarskúr á lóðinni nr. 8 við Skólavörðustíg í vinnustofu. Samþykkt til bráðabirgða. Gjald kr. 10.00.
5. Stefán Einarsson, Kaplaskjólsvégi 1, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á vantanlegri leigulóð í Félagstúni við Höfða. Stærð 79.2 ferm. Frestað.
6. Jón Sveinsson, Brú, Þormóðsstaðabletti, sækir um leyfi til að gera fyrirkomulagsbreytingar á húsi sínu, Brú á Þormóðsstaðabletti. Frestað.
7. Fríkirkjusofnuðurinn í Reykjavík sækir um leyfi til að gera 2 viðbyggingar úr timbri, við kirkju safnaðarins við Fríkirkjuveg. Stærð 21.6 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 8.00.
8. Kristján Siggeirsson, Hverfisgötu 28, sækir um leyfi til að skipta lóðinni nr. 28 við Hverfisgötu í 2 lóðir, þannig að lóðin nr. 28 við Hverfisgötu verði 152.1 ferm. og hornlóðin við Hverfisgötu og Smiðjustíg verði 635.5 ferm. og verði talin nr. 26 við Hverfisgötu. Synjað.
9. Lagðar fram tillögur oróffessors Ólafs Lárussonar, prófessors Sigurðar Nordals og háskólaritara Péturs Sigurðssonar um götuheiti fyrirhugaðra gatna milli Hringbrautar og Laugarnesvegjar, neðan Hverfisgötu og Suðurlandsbrautar. Leggja þeir til að götunöfn á svæði þessu endi á "tún", og götur þær, sem þegar eru ákveðnar, fái nöfn sem hér segir, samkvæmt meðsendum uppdretti:
 1. Sætún.
 2. Höfðatún.
 3. Samtún.
 4. Miðtún.
 5. Hátún.
 6. Nóatún.Frestað að taka ákvörðun um heiti á götu þeirri, sem lagt er til að nefnist Sætún. Hin götunöfnin samþykkt.

10. Samkvæmt beiðni borgarstjóra leggur byggingarfulltrúi fram tillÖGU UM sameiningu gatnanna Sólvallagata og Sellandsstígur í eina götu er heiti (beri nafnið) Sólvallagata. Tölusetning lóða við gÖTUNA frá Bræðraborgarstíg til vesturs, verði sem hér segir:

Nú:	nr:	Áður:	nr.
Sólvallagata	40	Sellandsstígur	8.
"	50	"	10
"	51	"	1
"	52	"	12
"	53	"	3
"	54	"	14
"	55	"	5
"	56	"	16
"	57	"	7
"	58	"	18
"	59	"	9
"	60	"	20
"	61	"	11
"	63	"	13
"	66	"	26
"	68	"	28
"	70	"	30
"	72	"	32
"	74	"	34
"	79	Sellandsstígur/Hringbraut (Steind.Einars)	
"	80	Sellandsstígur/Hringbr. (Bernh.Petersen)	
		Samþykkt.	

Fleira ekki afgreitt.

Fundi sliðið.

Bjarni Benediksson settur. Guðm. Ásbjörnsson. Guðm.
Eiríksson. Pétur Ingimundarson. Tómas Vigfússon.
Sigurður Pétursson.

Rétt innfæt eftir fundargerðinni.

Bjarni Benediktsson, settur.

ingarfult
g Selland
gata.
ig til ve

Ár 1941, fimfundaginn 23. janúar, kl. 5 e.h., hélt bygging-
arnefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Haraldur Ágústsson, Blómvallagötu 2 (2), sækir um
leyfi til að gera fyrirkomulagsbreytingar á húsi sínu nr. 2 við
Blómvallagötu. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

2. Vigfús Guðbrandsson, Brávallagötu 20, sækir um leyfi
til að setja ristak á húsið nr. 20 við Brávallagötu. Samþykkt.
Gjald kr. 10.00.

3. Skipaútgæð ríkisins, sækir um leyfi til að byggja
bráðabirgðageymsluskúr úr timbri, á leigulóð sinni við Geirs-
götu. Stærð 169.7 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 42.00.

4. Rafmagnsveita Reykjavíkur sækir um leyfi til að byggja
bráðabirgða spennistöð úr timbri, á lóð sinni Ananaust D við
Hringbraut. Stærð 13.5 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

5. Albert J. Finnbogason, Klapparstíg 20, sækir um leyfi
til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á verkstæðisbygg-
ingu við húsið nr. 20 við Klapparstíg og jafnframt stækka hann
úr steini um 6.97 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 15.00.

6. Gísli Sigurðsson, Þingholtsstræti 26, sækir um leyfi
til að setja glugga á kjallara húss þess, er hann hefir í smíð-
um á leigulóð sinni nr. 9 við Miðtún. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

7. Sami sækir um leyfi til að hækka ris á húsi því er
hann hefur í smíðum á leigulóð sinni nr. 9 við Miðtún. Frestað.

8. Stefán Einarsson, Kaplaskjólsvégi 1, sækir um leyfi
til að byggja einlyft íbúarhús úr timbri á leigulóð sinni nr.
2 við Samtún. Stærð 70.11 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 36.00.

9. Rútur Jónsson, Hringbraut 153, sækir um leyfi til
að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á akúrbyggingu sinni
á horni Tryggvagötu og Grófarinnar. Samþykkt með því skilyrði,
að skúrinn verði tekinn burtu þænum að kostnaðarlausu þegar
krafizt verður. Gjald kr. 10.00.

10. Byggingarfulltrúi leggur til að tölusetningu húsa og
lóða við Lindargötu verði breytt sem hér segir:

Áður:	nr.	Verði nu:	nr.
Arnarhvoll		Lindargata	1
Guðm. Kr. Guðmundsson		"	6
Ífróttahús Jóns Þorsteinss.		"	7
Sanitas	1E	"	9
Lindargata	1B	"	11
"	1C	"	11A
" H/f. Edda	1D	"	9A
"	2	"	10

Áður:	nr.	Verði nú	nr.
Lindargata	2A	Lindargata	12
"	1A	"	13
"	4	"	14
"	3	"	15
"	3A	"	17
"	6	"	20
"	7B	"	21
"	8	"	22
"	8B	"	22A
"	7	"	23
"	8A	"	24
"	8C	"	24A
"	7A	"	25
"	8E	"	26
"	9	"	27
"	10A	"	28
"	9B	"	29
"	10B	"	30
"	11	"	31
"	12	"	32
"	12A	"	34
"	13	"	35
"	14	"	36
"	15	"	37
"	14A	"	38
"	17	"	39
"	16	"	40
"	19	"	41
"	18	"	42
"	18B	"	42A
"	21	"	43
"	21B	"	43A
"	20	"	44
"	20B	"	44A
"	20C	"	44B
"	23	"	45
"	22	"	46
"	25	"	47
"	24	"	48
"	26	"	48A
"	27	"	49
"	28	"	50
"	30	"	52
"	32	"	54
"	34	"	56
"	36	"	58
"	38	"	60
"	41	"	61
"	40	"	62
"	43	"	63
"	43B	"	63A
"	45	"	65

Samþykkt.

11. Alþýðubrauðgerðin, Laugavegi 61, sækir um leyfi til að stækka skúr við húsið nr. 61 við Laugaveg um 1.8 fern. Samt. Gjald kr. 5.00.

Fleira ekki afgreitt. Fundi slitið.
 Bjarni Benediktsson. Guðm. Elífkjasson. Guðm. Asbjörnsson.
 Hörður Bjarnason. Tómas Vigfússon. Pétur Ingim. Sig. Péturs.
 Rétt innfært eftir fundargerðinni. Bjarni Benediktsson.

nr. 12
13
14
15
16
17
18
19
20
21
22
22A
23
24
24A
25
26
27
28
29
30
31
32
33
34
35
36
37
38
39
40
41
42
42A
43
43A
44
44A
44B
45
46
47
48
48A
49
50
51
52
53
54
55
56
57
58
59
60
61
62
63
63A
64
65

Ár 1941, fimmtudaginn 13. febrúar, kl. 5 s.d., hélt byggingar-
nefndin fund í skrifstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Nefndina skipa nú, eftir kosningu bæjarstjórnar 6. febrúar
auk lögskipaðra nefndarmanna: Guðm. Ásbjörnsson. Guðm. Eir-
íksson, Hörður Bjarnason, Tómas Vigfússon, Ritari kosinn
Guðm. Eiríksson og vararitari Hörður Bjarnason.

Fundarefni:

1. Eiríkur Einarsson, Laufásvegi 72, sækir f.h. eigenda
hússins nr. 12 við Aðalstræti, um leyfi til að gera útlitsbreyt-
ingar á húsinu, Samþykkt, enda verði ekki tekið tillit til
þeirrar aukningar, sem stafar af breytingunni, ef bæjarsjóður
kaupir húsið. Gjald kr. 10.00.

2. Sighvatur Einarsson, Garðastræti 45, sækir um leyfi
til að hækka húsið nr. 45 við Garðastræti um eina hæð. Samþykkt.
Gjald kr. 35.00.

3. Vegna framlengingu Grettisgötu til vesturs, leggur
byggingarfulltrúi til, að tölusetning húsa á nokkrum kafla göt-
unnar verði breytt eins og hér segir:

Áður:	Nr.	Verði:	Nr.
Klapparstígur	38B	Grettisgata	3
" "	38A	"	5
Grettisgata	1	"	7
"	3	"	9

Samþykkt.

4. Eiríkur Hjartarson, Laugavegi 20B, sækir um leyfi til
að byggja fjórlyft verzlunar- og íbúðarhús úr steinsteypu, á
lóðinni nr. 3 við Grettisgötu (áður Klapparstígur 38B). Stærð
145 ferm. Frestað.

5. Samúel Ketilsson, Barónsstíg 39, sækir um leyfi til
að byggja tvílyft verksmíðjuhús úr steinsteypu, á leigulóð sinni
nr. 10 við Höfðatún. Stærð 244.08 ferm. Frestað.

6. Andrés Andrésón, Laugavegi 3, sækir um leyfi til
að gera útlitsbreytingar á götuhlið hússins nr. 3 við Laugaveg.
Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

7. Gunnar Halldórsson, o.fl., Laugavegi 29, sækja um
leyfi til að setja reykþáf á viðbyggingu við húsið nr. 29 við
Laugaveg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

8. Ragnar Lövdal, Nýlendugötu 87, sækir um leyfi til
að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 1 við
Míatún. Stærð 78.5 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 42.00.

9. Lagt fram bréf frá kvikmyndahúsnefnd Háskóla Íslands,
viðvíkjandi fyrirhugaðri kvikmyndahúsbyggingu á lóðinni nr. 5
við Austurstræti og nr. 6 við Hafnarstræti. Ennfremur lagt

fram bréf frá bæjarverkfræðingi í sambandi við mál þetta. Byggingarnefnd sér ekkert því til fyrirstöðu, að kvikmyndahús verði reist á þessum stað, að því áskildu að svo verði til hags, að umferð á aðliggjandi götum heftist ekki af sýningargestum á meðan þeir bíða eftir inngöngu o.þ.h. Að öðru leyfi getur nefndin ekki tekið afstöðu til málsins fyrr en uppdrættir eru gerðir.

10. Pétur Bjarnason og Sophy Bjarnason, Vesturgötu 17, sækja um leyfi til að skipta lóðunum Ránargötu 4A og Vesturgötu 17 í 4 lóðir, 2 við Vesturgötu og 2 við Ránargötu. Eystri lóðin við Vesturgötu verði talin nr. 17 við Vesturgötu og verði 311.4 ferm. Vestari lóðin við Vesturgötu, sem talin verði nr. 17A, verði 305.6 ferm. Eystri lóðin við Ránargötu, sem talin verði nr. 4A við bá götu, verði 196 ferm. Vestri lóðin verði talin nr. 4B við Ránargötu og verði 146 ferm. Umferðarréttur fyrir allar lóðirnar verði um 2.5 m. breiðan stíg frá Ránargötu yfir lóðirnar nr. 4A og 4B við bá götu, að hálfu frá hvorri. Ennfremur hafi lóðin nr. 17 við Vesturgötu umferðarrétt um 2.5 m. breiðan stíg yfir suðurhluta lóðarinnar nr. 17A við Vesturgötu. Synjað.

11. Byggingarfulltrúi leggur til, að húsið sem talið hefur verið nr. 26 við Mánagötu, verði framvegis talið nr. 24 við sömu götu. Samþykkt.

12. Byggingarfulltrúi leggur til að tölusetning húsa og lóða við Framnesveg verði breitt eins og hér segir:

Áður:	Nr.	Verði:	Nr.
Framnesvegur	1A	Framnesvegur	1
"	2	"	2
"	1B	"	3
"	1C	"	5
"	6	"	6
"	5	"	7
"	8	"	8
"	8A	"	8A
"	10	"	10
"	9	"	11
"	10A	"	12
"	9A	"	13
"	12	"	14
"	11	"	15
"	13	"	16
"	13	"	17
"	16	"	18
"	15	"	19
"	16A	"	20
"	17	"	21
"	16B	"	22
"	15A	"	23
"	16C	"	24
"	19	"	25
"	18A	"	26
"	21	"	27

Áður:	Nr.	Verði:	Nr.
Framnesvegur	18B	Framnesvegur	28
"	23	"	29
"	18C	"	30
"	25	"	31
"	20A	"	32
"	27	"	33
"	20B	"	34
"	20C	"	36
"	22A	"	38
"	22B	"	40
"	22C	"	42
"	24	"	44
"	26	"	46
"	26A	"	48
"	28	"	50
"	30	"	52
"	32	"	54
"	61	"	55
"	34	"	56
"	36	"	58
"	36A	"	60
"	38	"	62
"	40	"	64
"	42	"	66
"	44	"	68
"	46	"	70
"	48	"	72
"	50	"	74
"	50A	"	74A
"	52	"	76
"	52A	"	78
"	52B	"	78A

Húsið, sem talið hefir verið nr. 64 við Framnesveg, ásamt húsi Jóns Magnússonar og Ingimundar, teljist við Grandaveg og fái númer við þann veg, er hann verður ~~þvíbúinn~~ tölusettur.

13. Lagt fram bréf frá Ísafoldarprentsmiðju h/f um byggingu við Austurstræti 8.

Samþykkt að leita álits bæjarráðs og skipulagsnefndar um málið.

Fleira ekki afgreitt.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson. Guðm. Asbjörnsson. Hörður Bjarnason.
Pétur Ingimundarson. Guðm. Eiríksson. Tómas Vigfússon.
Sigurður Pétursson.

Rétt innfært eftir fundargerðinni.
Bjarni Benediktsson.

Ár 1941, fimmtudsginn 27. febrúar, kl. 5 s.d., hélt byggingarnefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Blikksmiðjan Grettir, Grettisgötu 18, sækir um leyfi til að breyta dyrum á götuhlið hússins nr. 18 við Grettisgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
2. Hrefna Sigurgeirsdóttir, Bárugötu 33, sækir um leyfi til að stækka verkstæðisbyggingu úr steinsteypu, á lóðinni nr. 68 við Laugaveg um 35.25 ferm. Frestað.
3. Raftækjaverzlunin Ljósafoss, Laugavegi 26, sækir um leyfi til að gera ýmsar útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 27 við Laugaveg. Frestað.
4. Geir G. Gunnlaugsson, Eskihlíð A Reykjanesbraut, sækir um leyfi til að gera ýmsar útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu Eskihlíð A við Reykjanesbraut. Samþykkt. Gjald kr. 15.00.
5. Helgi Eiríksson, Tjarnargötu ~~kxxxx~~ 11, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr timbri á lóðinni nr. 11 við Tjarnargötu. Stærð 15,91 ferm. Frestað.
6. Ragnar H. Blöndal, Túngötu 51, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 51 við Túngötu. Stærð 21 ferm. Frestað.
7. Svafa Jónsdóttir o.fl., Víðimel 35, sækja um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 35 við Víðimel. Stærð 27.74 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 6.00.
8. Guðmundur Jónsson, Kárastíg 2, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 7 við Oldugötu. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.
9. Guðmundur Jónsson, Kárastíg 2, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 7A við Oldugötu. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.
10. Kristinn Sigurðsson, Oldugötu 33, sækir um leyfi til að stækka húsið nr. 33 við Oldugötu um eina hæð úr steinsteypu, ebbfremur að gera við það vudbyggingu að stærð 9.55/ Frestað.
11. Lögð fram skýrsla byggingarfulltrúa yfir byggingar byggðar í Reykjavík árið 1940.
12. Byggingarfulltrúi leggur til, að tölusetningar húsa og lóða við Framnesveg verði breytt sem hér segir:
Sjá næsta blað-

Áður:	Nr.	Verði:	Nr.
Framnesvegur 7	1A	Framnesvegur	1
"	2	"	2
"	1B	"	3
#	1C	"	5
"	6	"	6
"	5	"	7
"	8	"	8
"	8A	"	8A
"	10	"	10
"	9	"	11
"	10A	"	12
"	9A	"	13
"	12	"	14
"	11	"	15
"	14	"	16
"	13	"	17
"	16	"	18
"	15	"	19
"	16A	"	20
"	16B	"	20A
"	16C	"	20B
"	17	"	21
"	18A	"	22
"	18B	"	22A
"	18C	"	22B
"	15A	"	23
"	20A	"	24
"	20B	"	24A
"	20C	"	24B
"	19	"	25
"	22A	"	26
"	22B	"	26A
"	22C	"	26B
"	21	"	27
"	24	"	28
"	23	"	29
"	26	"	30
"	25	"	31
"	26A	"	32
"	27	"	33
"	28	"	34
"	30	"	36
"	32	"	38
"	34	"	40
"	36	"	42
"	36A	"	42A
"	38	"	44
"	40	"	46
"	42	"	48
"	44	"	50
"	46	"	52
"	48	"	54
"	50	"	56
"	50A	"	56A

Áður:	Nr.	Verði:	Nr.
Framnesvegur	52	Framnesvegur	58
"	52A	"	58A
"	52B	"	58B
"	56	"	60
"	61	"	61
"	58	"	62
"	60	"	64
"	62	"	68

Húsið, sem talið hefir verið nr. 64 við Framnesveg, ásamt húsi Jóns Magnussonar og Ingimundar teljist við Grandaveg og fáí númer við þann veg, þegar hann verður tölusettur. Samþykkt.

13. Eftirtöldum mönnum veitt viðurkenning til að standa fyrir húsmiði í Reykjavík:

Sem trésmiðir:

Nr. 244 Magnús Oddsson, Nýlendugötu 19B

" 245 Ólafur Jónsson, Bragagötu 22A

Sem múrarar:

Nr. 94 Sæmundur Pálsson, Hringbraut 76,

" 85 Indriði Halldórsson, Lokastíg 6.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson. Guðm. Ásbjörnsson. Hörður Bjarna-
son. Guðm. Eiríksson. Pétur Ingimundarson. Tómas Vigfússon.
Sigurður Pétursson.

Rétt innfært eftir fundargerðinni.

Bjarni Benediktsson.

Nr. 58
58A
58B
60
61
62
64
68

Ár 1941, fimmtudaginn 13. marz kl. 5 e.h., hélt byggingar-
nefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Jean Claessen, Laufásvegi 19, sækir um leyfi til að gera ýmsar útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 13 við Fjólugötu. Samþykkt. Gjald kr. 15.00.
2. Eiríkur Hjartarson, Laugavegi 20, sækir um leyfi til að byggja þrílyft íbúðar- og verzlunarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 3 við Grettisgötu. Stær 145 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 130.00.
3. Elliheimilið Grund, Hringbraut 150, sækir um leyfi til að byggja gróðurhús á á lóð sinni nr. 150 við Hringbraut. Stærð 37 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
4. Eriendur Erlendsson, Laugavegi 87, sækir um leyfi til að breyta glugga í dyr á götuhlið hússins nr. 87 við Laugaveg. Frestað.
5. Magnús J. Brynjólfsson, Garðastræti 16, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 29 við Reynimel. Stærð 132.91 ferm. Frestað.
6. Valdimar Runólfsson, Mímisvegi 2, sækir um leyfi til að stækka húsið nr. 2 við Mímisveg frá áður samþykktum uppdrætti um 29.93 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 32.00.
7. Ragnar H. Blöndal, Túngötu 51, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 51 við Túngötu. Stærð 21 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
8. Sigurbór Jónsson, Hafnarstræti 4, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 1 við Veltusund. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.
9. Árni Guðmundsson, Vitastíg 12, sækir um leyfi til að stækka úr timbri, húsið nr. 12 við Vitastíg, um 10.95 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.
10. Hrefna Siggeirsdóttir, Bárugötu 33, sækir um leyfi til að stækka verkstæðisbyggingu, úr steini, á lóðinni nr. 68 við Laugaveg, um 35.25 ferm. Synjað.
11. Sophy Bjarnason og Pétur M. Bjarnason, Vesturgötu 17, sækja um leyfi til að skipta lóðinni nr. 17 við Vesturgötu í tvær lóðir. Eystri lóðin, sem talin verði nr. 17, verði 400 ferm. Vestri lóðin verði talin nr. 17A og verði 304 ferm. Lóðir þessar hafa umferðarrétt yfir 2.5 m. breiðan stíg yfir lóðina nr. 4A við Ránargötu. Ennfremur hefur lóðin nr. 17A við Vesturgötu umferðarrétt yfir jafnbreiðan stíg yfir lóðina nr.

17A við Vésturgötu. Frestað.

12. Eftirtöldum mönnum veitt viðurkenning til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:

Sem múrarar:

Nr. 96 Guðmundur Trausti Haraldsson, Ránargötu 61.

" 97 Þorfinnur Guðbrandsson, Ásvallagötu 51.

13. Samþykkt að telja húsið Háþæ, vestan við Klapparstíg, nr. 40A við Há götu.

Fleira ekki afgreitt.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson. Guðm. Ásbjörnsson. Hörður Bjarnason.
Pétur Ingimundarson. Guðm. Eiríksson. Tómas Vigfússon.
Sigurður Pétursson.

Rétt innfært eftir fundargerðinni.

Bjarni Benediktsson.

Ár 1941, fimmtudaginn 27. marz, kl. 5 e.h., hélt byggingar-
nefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Jón Þorláksson & Norðmann, Bankastræti 11, sækja um leyfi til að byggja geymsluhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 11 við Bankastræti. Stærð 84.38 ferm. Ennfremur að byggja skýli úr timbri á sömu lóð. Stærð 22.68 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 30.00.
2. Benedikt Gröndal, Bergstaðastræti 79, sækir um leyfi til að hækka viðbyggingu við hús sitt nr. 79 um eina hæð úr steinsteypu. Frestað.
3. Hafliði Jóhannsson, Freyjugötu 45, sækir um leyfi til að byggja brílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 13 við Blómvallagötu. Stærð 166.5 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 212.00.
4. Franciskz Olsen, Garðastræti 9, sækir um leyfi til að gera útlitsbreytingar á verkstæðisbyggingu á lóðinni nr. 9 við Garðastræti. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
5. Sveinn Bernhöft, Lækjargötu 4, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 44 við Garðastræti. Stærð 157.49 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 129.00.
6. Eiríkur Hjartarson, Laugavegi 20, sækir um leyfi til að gera fyrirkomulagsbreytingar á húsi því er hann hefir í smíðum á lóðinni nr. 3 við Grettisgötu. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.
7. Endurskoðunarskrifstofa N. Mansher, Reykjavík, sækir fyrir hönd Inger Laxdal um leyfi til að breyta dyrum a neðstu hæð hússins nr. 15 við Hafnarstræti. Ssmþykkt. Gjald kr. 10.00.
8. Sigurjón Jónsson, Hverfisgötu 94, sækir um leyfi til að breyta gluggum hússins nr. 10 við Hallveigarstíg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
9. Ósvald Knudsen, Hellusundi 6, sækir um leyfi til að gera viðbyggingu úr steinsteypu við húsið nr. 6A við Hellusund. Stærð 57.63 ferm. Synjað.
10. Sigurlaug Rósenkranz, Hverfisgötu 35, sækir um leyfi til að breyta gluggum á suðurhlíð hússins nr. 35 við Hverfisgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
11. Hjálmar Sveinbjörnsson, Hringbraut 78, og Helgi Guðmundsson, Sjafnargötu 2, sækja um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr hlöðnum s eini og vikri á lóðinni nr. 30 við Hörpugötu. Stærð 167.80 ferm. Frestað.

12 Rafmagnsveita Reykjavíkur sækir um leyfi til að gera spennistöð í sænsk-íslenska frystihúsinu við Ingólfsstræti. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

13. Oddur Jónsson, Laufásvegi 9, sækir um leyfi til að gera bifreiðar- og geymsluskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 9 við Laufásveg. Stærð 26.20 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 7.00.

14. Magnús V. Jóhannesson, Nýlendugötu 22, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, á leigulóð sinni nr. 3 við Miðtún. Stærð 115.4 ferm. Frestað.

15. Jens Sveinsson, Njálsgötu 25, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á kjallara hússins nr. 25 við Njálsgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

16. Geir Jón Helgason, Njálsgötu 52B, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 52B við Njálsgötu. Frestað.

17. Valdimar Runólfsson, Mímisvegi 2, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 10 við Samtún. Stærð 96.48 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 50.00.

18. Andrés Karlsson, Auðarstræti 13, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 18 við Samtún. Stærð 70.16 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 35.00.

19. Kristín Gísladóttir, Lokastíg 4, sækir um leyfi til að gera breytingar á gluggum kjallara hússins nr. 19 við Skólavörðustíg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

20. H.f. Hamar, (Tryggva) Tryggvagötu sækir um leyfi til að byggja smíðjuhús úr járn á lóð sinni við Tryggvagötu. Stærð 247.5 ferm. Frestað.

21. Guðmundur Guðmundsson, Víðimel 31, sækir um leyfi til að byggja bifreiðar- og geymsluhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 31 við Víðimel. Stærð 45.15 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 11.00.

22. Karl Kristinsson, Víðimel 67, sækir um leyfi til að gera útlitsbreytingar á bifreiðarskúr þeim er hann hefir í smíðum á lóðinni nr. 67 við Víðimel. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

23. Guðmundur Jónsson, Kárastíg 2, sækir um leyfi til að gera útlitsbreytingar á húsi því, er hann hefir í smíðum á lóðinni nr. 7A við Oldugötu. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

24. Guðmunur Jónsson, Kárastíg 2, sækir um leyfi til að gera útlitsbreytingar á húsi því, er hann hefir í smíðum á lóðinni nr. 7A við Oldugötu. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

25. Jón Þórðarson, Framnesvegi 20A, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á kjallara hússins

nr. 20A við Framnesveg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

26. Sophy Bjarnason og Pétur Bjarnason, Vesturgötu 17, sækja um leyfi til að skipta lóðinni nr. 17 við Vesturgötu í tvær lóðir. Eystri lóðin, sem talin verði nr. 17 við Vesturgötu verði 351 ferm. Vestri lóðin, sem talin verði nr. 17A verði 353 ferm. Umferðarréttur að lóðum þessum sé um 2.5 m. breiðan stíg yfir suðausturhluta lóðarinnar nr. 17A við Vesturgötu. Sú kvöð hvílir á lóðinni nr. 17A við Vesturgötu, að ekki verði byggt á henni í að minnsta kosti 6.3 m. fjarlægð frá húsi því, sem nú er á baklóðunni nr. 17 og 17A, meðan það stendur. Samþykkt.

27. Eftirtöldum mönnum veitt viðurkenning til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:

Sem trésmíðir:

Bergbór Ólafsson Theódórs, Hávallagötu 48,

Páll Kristjánsson, Njálsgötu 6,

Páll B. Oddsson, Mímisvegi 2.

Sem múrarar:

Ásmundur Ólafsson, Hringbraut 34.

Kristján Kr. Skagfjörð, Njálsgötu 87.

28. Lagt fram bréf Guðjóns Benediktssonar, Freyjugötu 25A.

Fleira ekki afgreitt.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson. Guðm. Ásbjörnsson. Hörður Bjarnason. Guðm. Eiríksson. Pétur Ingimundarson. Tómas Vigfússon. Sigurður Pétursson.

Rétt innfært eftir fundargerðinni.

Bjarni Benediktsson.

Ár 1941, þriðjudaginn 15. apríl, kl. 2 e.h., hélt byggingar-
nefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Ísafoldarprentsmiðja h.f., Austurstræti 8, sækir um leyfi til að byggja fimmlyfta prentsmiðju- og skrifstofubyggingu úr steinsteypu, á lóðinni nr. 8 við Austurstræti. Stærð 542.42 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 1047.00.
2. Benedikt Gröndal, Bergstaðastræti 79, sækir um leyfi til að hækka viðbyggingu við hús sitt nr. 79 við Bergstaðastræti um eina hæð úr steinsteypu, Samþykkt. Gjald kr. 7.00.
3. Guðmunur H. Guðmundsson, Bræðraborgarstíg 21B, sækir um leyfi til að gera viðbyggingu við húsið nr. 21B við Bræðraborgarstíg, ásamt nokkrum útlits- og fyrirkomulagsbreytingum. Stækkunin nemur 3.75 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 15.00.
4. Þorsteinn Jónsson, Lindargötu 41, sækir um leyfi til að breyta gluggum á götuhlið hússins nr. 44 við Framnesveg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
5. Samúel Ketilsson, Barónsstíg 39 (Barónsstíg 39) sækir um leyfi til að byggja tvílyft verksmiðjuhús úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 10 við Höfðatún. Stærð 244.08 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 200.00.
6. Guðmundur Runólfsson, og Einar Guðjónsson, Laugarnesvegi 81, sækja um leyfi til að byggja einlyft verksmiðjuhús úr steini og stáli, á leigulóð sinni nr. 8 við Höfðatún. Stærð 420.25 ferm. Samþykkt með því skilyrði, að lóðin verði girt að Höfðatúni eins og byggingarnefnd ákveður. Gjald kr. 190.00.
7. Slippfélagið í Reykjavík, h.f., Mýrargötu, sækir um leyfi til að byggja bráðabirgða vörugeymslu- og bátasmíðahús úr timbri í framhaldi af hinu nýreista húsi félagsins að Egisgötu. Stærð 392 ferm. Synjað.
8. Geir Jón Helgason, Njálsgötu 52B, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 52B við Njálsgötu. Synjað.
9. Bóas Pálsson, Oldugötu 42, sækir um leyfi til að sfækka húsið nr. 17A við Nýlendugötu um 24.09 ferm. og breyta því í verkstöði. Synjað.
10. Magnús J. Brynjólfsson, Garðastræti 16, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 29 við Reynimel. Stærð 132.91 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 97.00.
11. Verksmiðjan Héðinn Aðalstræti 6B, sækir um leyfi til að byggja tvílyft- og þrílyft verzlunar og skrifstofuhús úr steinsteypu, á lóð sinni nr. 2 við Seljaveg. Stærð 855.5 ferm. Frestað.

12. Arni Þ. Arnason, Ingólfsstræti 20, sækir um leyfi til að byggja einlyft sumarhús úr timbri, á erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XXXIV. Stærð 43.7 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

13. Helgi Eiríksson, Tjarnargötu 11 sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steini á lóðinni nr. 11 við Tjarnargötu. Stærð 15.9 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

14. Júlíus Júlíusson, Þjórsárgötu, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, á lóðinni nr. 9 við Þorragötu. Stærð 40.32 ferm. Frestað.

15. Garðar Þorsteinsson, Vesturgötu 19, sækir um leyfi til að hækka húsið nr. 19 við Vesturgötu og gera á því ýmsar útlits- og fyrirkomulagsbreytingar. Samþykkt. Gjald kr. 23.00.

16. Bárður Ísleifsson, Flókagötu 14, sækir f.h. eigenda hússins nr. 4 við Aðalstræti um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 4 við Aðalstræti. Frestað.

17. Magnús Þorgeirsson, Laugavegi 4, sækir um leyfi til að byggja fimmyft verzlunarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 4 við Laugaveg. Stærð 254.3 ferm. Ennfremur að hækka álmu hússins að Skólavörðustíg um eina hæð. Samþykkt. Gjald kr. 364.00.

Fleira ekki afgreitt.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson. Guðm. Ásbjörnsson. Hörður Bjarnason. Pétur Ingimundarson. Guðm. Eiríksson. Tómas Vigfússon. Sigurður Pétursson.

Rétt innfært eftir fundargerðinni.

Bjarni Benediktsson.

Ár 1941, fimmtudaginn 8. maí, kl. 5 e.h., hélt byggingar-
nefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Eiríkur Einarsson, Laufásvegi 72, sækir f.h. eigenda hússins nr. 12 við Aðalstræti um leyfi til að gera útlitsbreytingar á húsinu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
2. María Jónsdóttir, Bergstaðastræti 23, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 12 við Bjargarstíg. Stærð 101.76 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 82.00.
3. Þorleifur Jónsson, Bjargarstíg 17, sækir um leyfi til að gera viðbyggingu úr steinsteypu við húsið nr. 17 við Bjargarstíg. Stærð 5.12 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
4. Ingólfur Guðmundsson, Seljavegi 24, sækir um leyfi til að byggja einlyft verksmíðjuhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 2 við Einholt. Stærð 151.29 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 49.00.
5. Jónas Sólmundsson, Þórsgötu 7, sækir um leyfi til að byggja sumarhúsið úr timbri, á erfðafestulandinu Fossvogsbletti XXXVII. Stærð 25.44 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 7.00.
6. Kristján Kr. Skagfjörð, Njálsgötu 87, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 1 við Hátún. Stærð 77.81 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 41.00.
7. Kristján F. Oddsson, Laugavegi 77B, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 5 við Hátún. Stærð 72.45 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 37.00.
8. Osvald Knudsen, Hellusundi 6A, sækir um leyfi til að gera viðbyggingu úr steinsteypu, við húsið nr. 6A við Hellusund. Stærð 57.63 ferm. Samþykkt með þinglesnu skilyrði. Gjald kr. 17.00.
9. Þorsteinn F. Einarsson, Holtsgötu 37, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 9 við Höfðatún. Stærð 76.23 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 40.00.
10. Bernhard Petersen, Laufásvegi 65 sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi sínu á erfðafestulandinu Háþéjarbletti við Kaplaskjólsvæg. Ennfremur að byggja við það bifreiðarskúr úr steinsteypu. Stærð 14.85 ferm. Samþykkt með því skilyrði, að bifreiðarskúrinn verði tekinn burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, ef krafist verður. Gjald kr. 15.00.

11. Þorleifur Eyjólfsson, Hjallalandi við Kaplaskjólsvæg, sækir um leyfi til að hækka ris húss síns á erfðafestulandinu Hellulandi við Kaplaskjólsvæg. Samþykkt. Gjald kr. 16.00.

12. Hjálpræðisherinn í Reykjavík sækir um leyfi til að stækka svalir á húsi sínu nr. 2 við Kirkjustræti. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

13. Kjartan Gunnlaugsson, Laufásvegi 7, sækir um leyfi til að gera viðbyggingu úr steinsteypu, við húsið nr. 7 við Laufásveg. Stærð 3.12 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

14. Ragnar Þorgrímsson, Laugarnesvegi 52, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á neðstu hæð hússins nr. 52 við Laugarnesveg. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

15. Jón Bjarnason, Hringbraut 63, sækir um leyfi til að byggja fjorlyft verzlunar- og íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 28 við Laugaveg. Stærð 208.96 ferm. Frestað.

16. Verzlunin Brynja, Laugavegi 29, sækir um leyfi til að breyta geymsluhúsi á lóðinni nr. 29 við Laugaveg. Samþykkt. Gjald kr. 15.00.

17. Fiskkassagerðin, Mjölnisvegi 52, sækir um leyfi til að stækka úr steini og timbri, verksmíðjuhúsið á lóðinni nr. 52 við Mjölnisveg um 122.96 ferm. Ennfremur að byggja opið skýli, að stærð 159 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 79.00.

18. Haukur Björnsson, Hávallagötu 13, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 4 við Miðtún. Stærð 112.48 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 46.00.

19. Anton Sigurðsson, Brávallagötu 26, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 5 við Miðtún. Stærð 78.38 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 41.00.

20. Þórður Sveinsson & Co. Hafnarstræti 10-12, sækir um leyfi til að breyta glugga á bakhúsi á lóðinni nr. 5 við Njálsgötu í dyr. Frestað.

21. Páll Krisjánsson, Njálsgötu 6, sækir um leyfi til að gera einlyfta viðbyggingu úr steinsteypu, við húsið nr. 6 við Njálsgötu. Stærð 62.95 ferm. Synjað.

22. Atli Eiríksson, Sunnuhvoli, sækir um leyfi til að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 33 við Seljaveg. Stærð 152.97 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 160.00.

23. Benedikt Sveinsson, Skólavörðustíg 11A, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 11 við Skólavörðustíg. Ennfremur að stækka inngönguskúr hússins um 3,31 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 15.00.

24. Einar Erlendsson, Skólastræti 5, sækir f.h. Ingu Lár-
usson um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu,
á lóðinni Tjarnargötu 45. Stærð 96 ferm. Samþykkt. Gjald
kr. 75.00.

25. Lúðvík Einarsson, Vesturgötu 45, sækir um leyfi til
að hækka viðbyggingu hússins nr. 45 við Vesturgötu um eina hæð
úr steinsteypu. Samþykkt. Gjald kr. 14.00.

26. Jón Þorvarðsson, Oldugötu 26, sækir um leyfi til að
byggja inngönguskúr við húsið nr. 26 við Oldugötu. Stærð 3.28
ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

27. Júlíus Júlíusson Þjórsárgötu, sækir um leyfi til
að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á lóðinni nr. 9 við Þorra-
götu. Stærð 40.32 ferm. Frestað.

28. Pétur Bjarnason, Vesturgötu 17, sækir um leyfi til
að byggja sumarbústað úr timbri, á erfðafestulandinu Fossvogs-
bletti VIII. Stærð 25 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 13.00.

29. Ásgeir Jónsson o.fl., Hólavallagötu 3, sækja um leyfi
til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 3
við Hólavallagötu. Stærð 31.3 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 8.00.

30. Árni Jónsson, Nýlendugötu 21, sækir um leyfi til að
skipta lóðinni nr. 21 við Nýlenduötu í tvær lóðir, þannig að
eystri lóðin nr. 21 verði 284 ferm. og vestri lóðin, sem talin
verði nr. 21A við sömu götu, verði 195 ferm. Frestað.

31. Lagðar fram tillögur skipulagsnefndar um skipulag og
skiptingu lóða á tóni Landakotsskóla milli Hofsvallagötu og
gangstígs austan skólans. Byggingarnefnd samþykkir tillögurn-
ar fyrir sitt leyti.

Fleira ekki afgreitt.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson. Pétur Ingimundarson. Guðm. Eiríks.
Tómas Vigfússon. Hörður Bjarnason. Sigurður Pétursson.

Rétt innfært eftir fundargerðinni.
Bjarni Benediktsson.

Ár 1941, fimmtudaginn 29. maí, kl. 5 e.h., hélt byggingar-
nefndin fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Þorleifur Jónsson, Bjargarstíg 17, sækir um leyfi til að breyta glugga á húsinu nr. 17 við Bjargarstíg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
2. Magnús Jónsson, Efri-Brekku við Bakkastíg, sækir um leyfi til að byggja bráðabirgða vinnustofu úr timbri, á lóðinni Efri-Brekku við Bakkastíg. Stærð 25.8 ferm. Frestað.
3. Sigurður Björnsson, Fjólugötu 23, sækir um leyfi til að gera viðbyggingu við húsið nr. 23 við Fjólugötu. Stærð 11.5 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 6.00.
4. Eiríkur Hjartarson, Laugavegi 20, sækir um leyfi til að setja kvist á bakhlíð hússins nr. 3 við Grettisgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
5. Steindór Einarsson, Sólvallagötu 68, sækir um leyfi til að byggja einlyft afgreiðsluhús úr timbri - til bráðabirgða - á lóðinni nr. 7 við Hafnarstræti. Stærð 60.5 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 17.00.
6. Hið íslenska steinolíuhlutafélag, Hafnarstræti 23, sækir um leyfi til að gera útlitsbreytingar á skúrbyggingu við húsið nr. 23 við Hafnarstræti. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.
7. Kristján F. Oddsson, Laugavegi 77B, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á lóðinni nr. 5 við Hatún. Stærð 69.48 ferm. Jafnframt óskast felldur úr gildi uppdráttur af húsi á sömu lóð, samþykktur á fundi nefndarinnar 8. maí s.l. Samþykkt. Gjald kr. 35.00.
8. Jón Jóhannsson, Freyjugötu 45, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, á lóðinni nr. 7 við Há-tún. Stærð 71 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 37.00.
9. Samband íslenskra samvinnufélaga, Reykjavík, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 24 við Hávallagötu. Stærð 110.04 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 94.00.
10. Sama sækir um leyfi til að byggja þífreiðarskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 24 við Hávallagötu. Stærð 26.91 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 7.00.
11. Magnús Vigfússon, Bókhöðustíg 11, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 191 við Hringbra t. Stærð 137 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 108.00.

12. Magnús Vigfússon, Bókhlaustíg 11, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 191 við Hringbraut. Stærð 18.9 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

13. Guðjón Guðmundsson, Hverfisgötu 66A, sækir um leyfi til að setja kvist á norðurhlíð hússins nr. 66A við Hvánfölgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

14. Grænmetisverzlun ríkisins, Ingólfsstræti, sækir um leyfi til að byggja bráðabirgðargeymsluhús úr timbri, á lóðinni við Ingólfsstræti. Stærð 337.50 ferm. Samþykkt með því skilyrði, að byggingin verði tekin burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, hvenær sem krafist er með 6 mánaða fyrirvara. Gjald kr. 138.00.

15. Sigurður Sigurðsson, Oldugötu 33 og Hergeir Eliásson Framnesvegi 20C, sækja um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 5 við Kaplaskjólsvæg. Stærð 164.77 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 131.00.

Guðm. Eiríksson er mótfallinn þessari ályktun vegna þess að húsið nær ca. 6.5 m. út í forgarða húsa norðan Reynimels.

16. Albert Finnbogason, Frakkastíg 7, sækir um leyfi til að hækka og stækka húsið nr. 20 við Klapparstíg. Stækkunin x nemur 44.63 ferm. Frestað.

17. Vald. Paulsen, Klapparstíg 29, sækir um leyfi til að byggja geymsluskúr á lóð sinni nr. 29 við Klapparstíg. Stærð 22.95 ferm. Frestað.

18. Oddur Jónsson, Laufásvegi 9, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 21 við Laufásveg. Stærð 143.84 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 109.00.

19. Kristján Guðmundsson, Laugamýrarbletti XXVII, sækir um leyfi til að setja svalir á suðurhlíð húss síns á erfðafestu landinu Laugamýrarbletti XXVII. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

20. Raftækjaverzlunin Ljósafoss, Laugavegi 26, sækir um leyfi til að byggja einlyfta verkstæðisbyggingu úr steinsteypu, vi, húsið nr. 27 við Laugaveg. Stærð 73.87 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 38.00.

21. Jón Bjarnason, Hringbraut 63, sækir um leyfi til að byggja fjórlyft verzlunarkúru- og íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 28 við Laugaveg. Stærð 208.96 ferm. Frestað.

22. Björgvin Frederiksen, Lindargötu 50, sækir um leyfi til að byggja einlyfta verkstæðisbyggingu úr steinsteypu, á lóðinni nr. 50 við Lindargötu. Stærð 100.83 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 50.00.

23. Magnús V. Jóhannesson, Nýlendugötu 22, sækir um leyfi

til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 2 við Miðtún. Stærð 85.61 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 42.00.

24. Karl Eiríksson, Karlagötu 10, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 3 við Miðtún. Stærð 84.44 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 45.00.

25. Ármann Guðmundsson, Þvervegi 40, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 6 við Miðtún. Stærð 80.75 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 49.00.

26. Ólafur Jóhannsson, Óðinsgötu 6, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús á leigulóðinni nr. 8 við Miðtún. Húsið verður úr steinsteypu, 80.75 ferm. að stærð. Samþykkt. Gjald kr. 49.00.

27. Einar B. Kristjánsson, Freyjugötu 37, og Óskar Eyjólfsson, Freyjugötu 37, sækja um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 7 við Miðtún. Stærð 78.32 ferm. Frestað.

28. Hjálmar H. Guðmundsson, Frakkastíg 17, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, á leigulóðinni nr. 10 við Miðtún. Stærð 66.18 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 35.00.

29. Kári Sigurðsson, Freyjugötu 38, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 12 við Miðtún. Stærð 66.18 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 35.00.

30. Ráfmagnveita Reykjavíkur sækir um leyfi til að byggja bráðabirgða spennistöð úr timbri, á lóð bæjarsjóðs við Mjölnisveg. Stærð 13.58 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

31. Slíppfélagið í Reykjavík sækir um leyfi til að stækka skúr yfir dráttarspil á lóð sinni við Mýrargötu, um 68.58 ferm. Ennfremur að byggja á sö ulóð skúr úr timbri yfir dráttarspil. Stærð 51 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 30.00.

32. Þórður Sveinsson & Co., Hafnarstræti 10-12, sækja um leyfi til að breyta glugga á bakhúsi á lóðinni nr. 5 við Njálsgötu í dyr. Frestað.

33. Jens Sveinsson, Njálsgötu 23, sækir um leyfi til að byggja bráðabirgðaverkstæðisbyggingu úr vikursteini við húsið nr. 25 við Njálsgötu. Stærð 24.8 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 9.00.

34. Geir Jón Helgason, Njálsgötu 52A, sækir um leyfi til að breyta geymsluskúr við húsið nr. 52A við Njálsgötu í íbúð. Samþykkt. Gjald kr. 20.00.

35. Hampiðan h/f. Rauðaránholti, sækir um leyfi til að stækka verksmiðjuhús sitt við ónefnda götu í Rauðaránholti um

267.1 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 172.00.

36. Geir G. Gunnlaugsson, Eslíhlið A, sækir um leyfi til að setja kvist á götuhlið hússins Eslíhlið A við Reykjanesbraut. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

37. Hallur Hallsson, Austurstræti 14, sækir um leyfi til að byggja inngönguskúr úr steinsteypu, við hús sitt á horni Reykjavíkurvegjar og Þvervegjar. Stær, 3.96 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

38. Ólafur H. Ólafsson og Magnús Andrésón, Reynimel 35, sækja um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 35 við Reynimel. Stærð 50.47 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 12.00.

39. Vilborg Runólfsdóttir, Vesturgötu 18, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 58 við Reynimel. Stærð 169.5 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 135.00.

40. Richard Eiríksson, Kaplaskjólsvégi 3, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 4 við Samtún. Stærð 114.75 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 60.00.

41. Markús Ísleifsson, Kirkjustræti 6, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, á leigulóðinni nr. 20 við Samtún. Stærð 79.47 ferm. Frestað.

42. Magnús Bl. Jónsson, Skólavörðustíg 3, sækir um leyfi til að gera útlitsbreytingar á húsinu nr. 3 við Skólavörðustíg. Frestað.

43. Óskar Gíslason, Skólavörðustíg 5, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 5 við Skólavörðustíg. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

44. Ólafur Ólafsson, Skólavörðustíg 42, sækir um leyfi til að hækka og stækka úr timbri, húsið nr. 42 við Skólavörðustíg. Stækkunin nemur 23.31 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 28.00.

45. Haukur Thórs, Smáragötu 16, sækir um leyfi til að byggja bifreiðar- og geymsluskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 16 við Smáragötu. Stærð 32.3 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 8.00.

46. Þorsteinn Sch. Þorsteinsson, Sóleyjargötu 1, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 1 við Sóleyjargötu. Stærð 34.8 ferm. Frestað.

47. Ólíuverzlun Íslands h/f., Hafnarstræti 5, sækja um leyfi til að byggja bifreiðasmurningshús úr timbri, á leigulóð

sinni við Tryggvagötu. Stærð 75.6 ferm. Ennfremur að flytja bensínafgreiðsluskúr á sömu lóð. Fres tað.

48. Geir H. Zoega, Hávallagötu 1, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 9 við Túngötu. Stærð 201.77 ferm. Frestað.

49. Landakotsskólinn, Reykjavík, sækir um leyfi til að gera viðbyggingu úr steinsteypu við skólahús sitt við Túngötu. Stærð 103.32 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 30.00.

50. H.f. Hamar, Tryggvagötu, sækir um leyfi til að byggja smiðjuhús úr járn á lóð sinni við Tryggvagötu. Stærð 199.1 ferm. Samþykkt með því skilyrði, að húsið verði tekið burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, hvenær sem krafizt verður, með 6 mánaða fyrirvara. Gjald kr. 73.00.

51. Júlíus Júlíusson, Þjórsárgötu, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, á lóðinni nr. 9 við Þorra- götu. Stærð 40.33 ferm. Frestað.

52. Árni Jónsson, Nýlendugötu 21, sækir um leyfi til að skipta lóðinni nr. 21 við Nýlendugötu í tvær lóðir, þannig, að eystri lóðin nr. 21 við Nýlendugötu verði 284 ferm. og vestri lóðin, sem talin verði nr. 21A við Nýlendugötu verði 195 ferm. Jafnframt er lagt fram bréf frá bæjarverkfræðingi um þetta mál. Frestað.

Fleira ekki afgreitt.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson. Guðm. Ásbjörnsson. Guðm. Eiríksson.
Pétur Ingimundarson. Tómas Vigfússon. Sigurður Pétursson.
Hörður Bjarnason.

Rétt innfært eftir fundargerðinni.

Bjarni Benediktsson.

Ár 1941, fimmtudaginn 12. júní, kl. 5 s.d., hélt byggingar-
nefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Gunnar Bjarnason, Suðurgötu 5, sækir um leyfi til að byggja sumarbústað, úr steini, á erfðafestulandinu Árbæjarbletti LXXIII (73). Stærð 25 ferm. Samþykkt. Gjald kr.8.00.
2. Jón Víðis, Eiríksgötu 4, sækir um leyfi til að byggja sumarbústað úr timbri á erfðafestulandinu Árbæjarbletti LVI (76). Stærð 11.96 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
3. Felix Jónsson, Baldursgötu 7, sækir um leyfi til að byggja vinnustofu úr steinsteypu, við húsið nr. 7 við Baldursgötu. Stærð 28.6 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 7.00.
4. Magnús Guðmundsson, Sólvallagötu 12, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 15. við Bárugötu. Stærð 162.59 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 117.00.
5. Veronika Einarsdóttir, Bergstaðastræti 62, sækir um leyfi til að stækka inngönguskúr við húsið nr. 62 við Bergstaðastræti um 1.69 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
6. Jón Þorleifsson, Breiðholti, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Breiðholti-bletti I. Stærð 81.6 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 25.00.
